



Landsfundur

Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs

Grand hótél 6.–8. október 2017

Drög að ályktunum

-gerum betur



Umhverfismál	4
1. Ályktun um kolefnishlutleysi 2040.....	4
2. Ályktun um kolefnisskatt.....	4
3. Ályktun um kolefnisbindingu.....	5
4. Ályktun um orkuskipti í samgöngum og bættar almenningssamgöngur.....	5
5. Ályktun um raforkusamninga til stóriðju.....	6
6. Ályktun um að hætt verði við áform um að selja orku til útlanda með sæstreng.....	6
7. Ályktun um að draga úr neyslu.....	7
8. Ályktun um að útrýma plastmengun á Íslandi.....	7
9. Ályktun um fráveitumál.....	7
10. Ályktun um minnkun matarsóunar.....	8
11. Ályktun um eflingu ylræktar og lífræns landbúnaðar.....	8
12. Ályktun um stofnun fræbanka á Íslandi.....	8
13. Ályktun um umhverfisálag í ferðaþjónustu.....	9
14. Ályktun um friðlýsingu, vöktun og stjórnun náttúruverndarsvæða.....	9
15. Ályktun um að standa vörð um víðsýni á Íslandi.....	10
16. Ályktun um mengandi stóriðju í Helgúvík.....	10
17. Ályktun um mengun frá skipum og umferð um hafsvæði.....	11
18. Ályktun um bann við plastögnum í snyrtivörum.....	11
Jafnréttismál	12
19. Ályktun um rétt barnsins og kynjakerfið.....	12
20. Ályktun um meðferð kynferðisbrota í réttarkerfinu.....	12
21. Ályktun um jafnréttisstarf sveitarfélaga.....	13
22. Ályktun um ofbeldi í nánnum samböndum.....	13
23. Ályktun um launajafnrétti.....	14
24. Ályktun um uppreist æru.....	14
25. Ályktun um Konur þurfa bara að vera duglegri.....	14
Alþjóða- og mannréttindamál	15
26. Ályktun um afstöðu Íslands til kjarnorkuafvopnunar.....	15
27. Ályktun um kjarnorkuvopn: Segjum nei við kjarnorkuvopnum!.....	15
28. Ályktun um uppgang fasisma og rasisma: Við viljum ekki afturhvarf til fortíðar.....	15
29. Ályktun um vopnavæðingu lögreglunnar.....	16
30. Almenn ályktun um alþjóðamál.....	16
31. Ályktun um norðurslóðir.....	18
32. Ályktun um alþjóðsamninga.....	18
33. Ályktun um málefni hinsegin fólks.....	19
34. Ályktun um stöðu umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólk.....	20
35. Ályktun um samhengi umhverfism., frjálsra viðskipta, byggðam. og matvælaframl.	21

Velferðar- og heilbrigðismál.....	24
36. Ályktun um heilbrigðismál	24
37. Ályktun um notendastýrða persónulega aðstoð	24
38. Ályktun um upprætingu fátækta á Íslandi	25
39. Ályktun um einkavæðinguna sem óvart varð og baráttuna gegn Landspítala	25
40. Ályktun um geðheilbrigðisþjónustu	26
41. Ályktun um heilsugæslur á landsbyggðinni	26
42. Ályktun um misskiptingu: Auðstéttin í fyrsta sæti - almenningur í öðru	26
Mennta- og menningarmál	28
43. Ályktun um öfluga grunn- og leikskóla.....	28
44. Ályktun um raunverulegt gjaldfrélsi í grunnskólum.....	28
45. Ályktun um öfluga háskóla	28
46. Ályktun um undirfjármögnun og niðurskurð í háskólakerfinu.....	29
47. Ályktun um LÍN: All We Need Is Somebody to LÍN On	29
48. Ályktun um framhaldsskóla til framtíðar.....	30
49. Ályktun um námsefni í framhaldsskólum.....	31
50. Ályktun um listir, menningi og skapandi greinar	31
Samgöngu- og sveitarstjórnarmál	33
51. Ályktun um framkvæmdir í samgöngumálum.....	33
52. Ályktun vegna sveitarstjórnarkosninga vorið 2018	33
53. Ályktun um sveitarstjórnir sem þriðja stjórnsýslustigið	34
Atvinnumál, vinnumarkaðs- og verkalýðsmál	35
54. Ályktun um sprotaumhverfi og nýsköpunarmál	35
55. Ályktun um raunfærnimat fyrir innflytjendur	36
56. Ályktun um almannatryggingar sem laun	36
57. Ályktun um atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum.....	36
Húsnæðismál.....	37
58. Ályktun um húsnæði fyrir alla.....	37
59. Ályktun um húsnæði og sveitarfélög.....	37
60. Ályktun um húsnæði í sátt við umhverfið	37
61. Ályktun um alvöru húsnæðiskerfi.....	38
Aðrar ályktanir	39
62. Ályktun um jöfn tækifæri og lífsgæði fyrir ungt fólk.....	39
63. Ályktun um lækkum kosningaaldurs.....	39
64. Ályktun um innra starf.....	39
65. Ályktun um innra starf svæðisfélaga.....	39

1. Umhverfismál

2. 1. Ályktun um kolefnishlutleysi 2040

3. Ísland þarf að taka mið af niðurstöðum vísindamanna og setja stefnuna á að verða kolefnishlutlaust
4. árið 2040.

5. Draga þarf úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það gerum við með því að hverfa frá olíuvinnslu, skipta
6. jarðefnaeldsneyti út fyrir endurnýjanlega orkugjafa í samgöngum og iðnaði.

7. Ísland á að beita sér fyrir því að jarðefnaeldsneyti verði ekki unnið á Norðurslóðum.

8. Íslandi ber að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, einnig frá stóriðju, og binda kolefni með ýmsum
9. mótvægisaðgerðum.

10. Ísland beiti sér fyrir því að losun gróðurhúsalofttegunda frá flugi og skipum verði talið með í
11. losunarbókhalði þjóða.

12. Skipuleggja þarf þéttbýli þannig að almenningssamgöngur, hjólréiðar og ganga verði raunhæfir
13. valkostir.

14. Beita þarf hagrænum hvötum, svo sem kolefnisskatti, og byggja upp innviði til að græn
15. samgöngutæki verði hagkvæmasti kosturinn.

16. Skylda þarf stór og meðalstór fyrirtæki til að vera með kolefnisbókhalð.

17. Ávallt þarf að meta kolefnislosun aðgerða og samninga ríkisins, til að mynda við gerð
18. búvörusamninga.

19. Ísland á jafnframt að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir því að halda hlýnun jarðar undir 2°C. Tryggja
20. þarf viðbúnað vegna þeirra breytinga sem þegar eru hafnar í vistkerfinu og eru óumflýjanlegar og
21. styrkja þarf fátækari þjóðir til að minnka losun og byggja upp viðnámsþrótt.

22. *Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,*

23. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

24. 2. Ályktun um kolefnisskatt

25. Sérstakur skattur á kolefni er mikilvægt tæki til þess að minnka losun gróðurhúsalofttegunda
26. sem fyrst. Með nægilega háum kolefnisskatti er hægt að beina neyslu í átt að vörum með lítið
27. kolefnisfótspor. Með því að skattleggja kolefni er einnig skapaður hvati fyrir fyrirtæki til að finna
28. leiðir til þess að minnka losun á kolefni á öllum stigum framleiðslu, sem mun draga úr mengun.

29. Með því að láta notendur borga fyrir kolefni er raunverulegur kostnaður við loftslagsbreytingar
30. límaður inn í hagkerfið og kostnaðurinn verður hlutfallslegur, þ.e. þeir sem menga meira borga meira.

31. Skattinn má til dæmis innheimta á smásölustigi. Þar er þegar skatttekja svo það mun ekki verða mikill
32. umsýslukostnaður við skattlagninguna, hann bætist einfaldlega ofan á aðra skatta og gjöld.

33.

34. Kolefnisskattur leggst þyngra á efnaminni og þá sem búa úti á landi þar sem almenningssamgöngur
 35. eru verri og þurfa því að treysta á einkabíla. Því er mikilvægt að leiðrétta fyrir því með
 36. mótvægisáðgerðum þeim til handa.

37. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**
 38. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

39. **3. Ályktun um kolefnisbindingu**

40. Landsfundur VG skorar á alla hlutaðeigandi að efla mjög bindingu kolefnis úr andrúmsloftinu með
 41. ýmsum aðgerðum í náttúru landsins. Með því aukum við framlag Íslands í andófinu gegn hlýnun
 42. jarðar umfram skuldbindingar okkar í Parísarsamkomulaginu en þær snúa að því að minnka losun
 43. gróðurhúsalofttegunda. Með þessu móti gerum við líka Ísland byggilegra en ella og eflum fjölbreytt
 44. vistkerfi sem gæða landið.

45. Hvatt er til þess að beitt verði ólíkum aðferðum við að binda kolefni í gróðri og að ávallt sé stuðst
 46. við bestu fáanlegar upplýsingar um ástand jarðvegshulu, mismunandi bindigetu plantna og ólíkar
 47. aðgerðir. Ríkisstofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki, bændur, áhugamannafélög og almenningur verða,
 48. sem gerendur, að efla samvinnu um aukna trjárækt, endurheimt lággróðurs á örfoka svæðum – og
 49. svæðum með skaddaðri jarðvegshulu – og auka endurheimt votlendis á ónýttum, framræstum
 50. svæðum.

51. Um þessar mundir ætti að vera unnt að binda árlega um eina milljón tonna af kolefni í gróðri,
 52. að gefnu miklu öflugri opinberum stuðningi en fæst hjá ríkisstjórn hægriaflanna. Á næstu 2–3
 53. áratugum er svo raunhæft að auka bindinguna upp í 2,2–4,3 milljónir tonna á ári að mati sérfræðinga
 54. Landbúnaðarháskólans. Það samsvarar næstum allri árlegri losun gróðurhúsalofttegunda frá Íslandi
 55. að frátalinni losun orkufreks iðnaðar og í flugsamgöngum. Meðal leiða til fjármögnunar má nefna
 56. hækkun kolefnisskatts á eldsneyti og iðnaðarferla en takmark kolefnisbindingar og samdráttar í
 57. losun gróðurhúsalofttegunda er kolefnishlutlaust Ísland árið 2040.

58. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**
 59. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

60. **4. Ályktun um orkuskipti í samgöngum og bættar almenningssamgöngur**

61. Landsfundur VG ítrekar að bættar almenningssamgöngur og orkuskipti í samgöngum er einn
 62. mikilvægasti áfanginn á leið Íslands til að standa við skuldbindingar Parísarsamkomulagsins.

63. Framþróun í vistvænum samgöngum á Íslandi til 2030 fer farsællegast fram með því að gera
 64. almenningssamgöngur að raunhæfum valkosti fyrir flesta, jafnt í þéttbýli sem dreifbýli, og nýta
 65. fjölbreytta orkugjafa. Áherslu verður að leggja á að stórauka hlut stórra og smárra bíla með raforku
 66. úr rafgeymum og rafbíla sem ganga fyrir vetni, þar sem við á. Þetta á einnig við um ýmsar vinnuvélar.
 67. Samtímis verður að greiða fyrir því að stærri vinnuvélar og stórir bílar geti skipt yfir í innlent metan,
 68. metanól og lífdísil.

69. Hefja skal rafvæðingu hafna svo rafbátar geti sótt sér þar orku en skipum af öllum stærðum verði
 70. gert að nýta raforku úr landi í stað orku frá eigin ljósvélum. Nýtt og vistvænt eldsneyti á skipsvélar
 71. er í hraðri framþróun, svo sem metan, metanól og etanól, lífdísill og vetni. Íslendingum ber að taka
 72. þátt í þróuninni, meðal annars með frekari nýsköpun í framleiðslu þess og notkun. Blöndun vistvænna
 73. eldsneytistegunda í flugvélaeldsneyti er þegar hafin og ber að leggja áherslu á að taka þátt í
 74. framsæknum orkuskiptum í flugi.
75. Í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er alls ekki nægu fjármagni beint til orkuskipta eða
 76. mótvægisáðgerða gegn loftslagshlýnun. Það er deginum ljósara að 1,6 milljarða kr. viðbót til
 77. umhverfismála í heild á þremur af fimm árum áætlunarinnar, að frádregnum byggingarkostnaði
 78. gestastofa og fleiri bygginga, dugar hvergi nærri til. Í ofanálag á að skera niður framlög til
 79. umhverfismála um 300 milljón kr. á ári í tvö ár. Til nýsköpunar reiknast um 120 milljón kr.
 80. viðbótarframlög á ári að meðaltali í fimm ár og orkuskipti fá um 70 milljón kr. framlag í þrjú ár.
81. Félagshyggjuöfl landsins verða að taka forystu í orkuskiptum samgangna í samvinnu við sérfræðinga
 82. og annað áhugafólk um stóráttak í þeim efnum.
83. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**
 84. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

85. **5. Ályktun um raforkusamninga til stóriðju**

86. Landsfundur VG telur tímabært að hefja endurskoðun raforkusamninga til stóriðju til framtíðar,
 87. með því markmiði að minnka losun gróðurhúsalofttegunda, fækka mengandi stóriðjuverum, auka
 88. fjölbreytni í iðnaði og fjölga í hópi „grænna“ fyrirtækja sem nota raforku á Íslandi.
89. Orkuspárnefnd hefur reiknað að á næstu 30 árum muni almennur iðnaður og þjónusta þurfa 600 MW
 90. orku til viðbótar við það sem nú er. Á sama tímabili munu raforkusamningar til stóriðju fyrir sama
 91. magn renna út.
92. Landsfundur VG telur mikilvægt að rannsaka ítarlega allar efnahagslegar, samfélagslegar og
 93. umhverfislegar hliðar raforkusamninga, sem og möguleika til þess að færa 600 MW af orku úr
 94. stóriðju í almennan iðnað og þjónustu, og forðast þannig að byggja frekari virkjanir.
95. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**
 96. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

97. **6. Ályktun um að hætt verði við áform um að selja orku til útlanda með sæstreng**

98. Umræður um að selja orku til útlanda með sæstreng hefur farið fram af og til á undanförunum 20
 99. árum. Skoðaðir hafa verið efnahagslegir og félagslegir kostir og gallar.
100. Landsfundur VG telur sæstreng kostnaðarsamt og áhættusamt verkefni, sem myndi setja mikinn
 101. þrýsting á íslenska náttúru. Við óttumst að ef slíkur strengur yrði lagður myndi þurfa að virkja hvern
 102. einasta foss og jarðhitasvæði til að standa undir kostnaði og til að hámarka arðsemi verkefnisins.

103. Á sama tíma gætu skapast örðugleikar fyrir græna orkufreka starfsemi á Íslandi til að afla sér
 104. orku á samkeppnishæfu verði. Enn fremur er enn mikil óvissa um það hvernig þróun tækni tengdri
 105. orkuframleiðslu mun fara fram. Á síðustu árum hafa til að mynda stór skref verið tekin í þróun stórra
 106. sólorkuvera og vindorkuvera. Tækniþróun getur í framtíðinni gert það að verkum að verð á raforku í
 107. gegnum fyrirhugaðan sæstreng á milli Íslands og Bretlands verði ekki lengur samkeppnishæf.

108. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**
 109. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

110. **7. Ályktun um að draga úr neyslu**

111. Náttúrunni og samfélaginu öllu stafar ógn af neysluhyggju. Núverandi neysluhættir og framleiðsla
 112. útheimtir gríðarlegt magn af peningum, orku og hráefni. Framleiðslan gengur á dýrmætar auðlindir,
 113. veldur loftslagsbreytingum, mengar náttúruna og er oft á kostnað mannréttinda og heilsu verkafólks.
 114. Til að tryggja möguleika okkar á framtíð hér á jörðu er mikilvægt að draga úr neyslu og hætta að nota
 115. fyrirbæri á borð við neysluvísitölu til þess að mæla velmegun.

116. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**
 117. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

118. **8. Ályktun um að útrýma plastmengun á Íslandi**

119. Á undanförunum árum hefur plastnotkun stórukist. Afleiðingar plastmengunar fyrir náttúru og heilsu
 120. fólks eru verulegar og niðurstöður rannsókna á plastmengun verða ískyggilegri.
 121. Landsfundur VG ítrekar stefnu sína gegn plastnóttun. Lagt er til að plastpokar verði bannaðir á
 122. Íslandi og að mun strangari reglur verði settar um notkun plastumbúða. Skoða má harðari viðurlög
 123. við því að henda rusli á víðavangi. Þá þarf einnig að stórbæta fráveitukerfi Íslands þannig að plast og
 124. jafnvel örplast rati ekki lengur til sjávar.

125. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**
 126. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

127. **9. Ályktun um fráveitumál**

128. Landsfundur VG telur að brynt sé að bæta hreinsibúnað frárennslisstöðva á öllu landinu. Það er
 129. mikilvægt að bæta síur og skólphreinsibúnað verulega til að koma í veg fyrir örplastsmengun sem
 130. hefur gríðarlega neikvæð umhverfisáhrif.
 131. Plastagnir frá hjólbörðum eru líklega langstærstu hluti örplastsmengunar og því er mikilvægt að
 132. bæta einnig meðhöndlun og hreinsun ofanvatns, til dæmis með blágrænum lausnum og settjörnum til
 133. hreinsunar afrennslis af stofnbrautakerfi höfuðborgarsvæðisins.

134. Ríkið þarf að koma til móts við fámenn sveitarfélög og aðstoða þau sé þess þurfi.

135. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**

136. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

137. **10. Ályktun um minnkun matarsóunar**

138. Matvælaframleiðsla felur í sér notkun á auðlindum jarðar, og þær eru takmarkaðar. Því er nauðsynlegt
139. að nýta þær skynsamlega. Um þessar mundir er talið að um þriðjungur matvæla fari beint í ruslið.

140. Til að minnka matarsóun má:

- 141. • Auka til muna innlenda matvælaframleiðslu, því mikið af mat skemmist í flutningum
- 142. • Banna stórmörkuðum að henda mat, sem hefur t.d. verið gert í Frakklandi
- 143. • Efla fræðslu um matarsóun, bæði í skólum og stofnunum
- 144. • Setja sérstök gjöld á fyrirtæki sem henda mikið af mat

145. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**

146. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

147. **11. Ályktun um eflingu ylræktar og lífræns landbúnaðar**

148. Landsfundur VG telur mikilvægt að bæta verulega lívilnanir miðaðar að því að stórefla lífræna
149. ylræktun á Íslandi. Efling ylræktunar er ekki einungis mikilvæg fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar, heldur
150. myndi hún bæta gæði afurðar og minnka verulega þá mengun sem innflutningur vara til Íslands felur í
151. sér.

152. Æskilegt er að við nýtum þá orku sem við búum yfir, bæði jarðhita og raforku, fyrir ylræktun og
153. almennt sjálfbærari landbúnað. Þá er mikilvægt að auka neyslu á grænmeti og minnka framleiðslu
154. og innflutning á kjöti, sem er orku- og auðlindafrekt í framleiðslu og hefur þar af leiðandi mikil
155. umhverfisáhrif.

156. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**

157. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

158. **12. Ályktun um stofnun fræbanka á Íslandi**

159. Landsfundur VG telur að koma þurfi á fót fræbanka á Íslandi með þeim nytjajurtum sem ræktaðar eru
160. hérlendis.

161. Slíkur fræbanki er nauðsynlegur til að tryggja fæðuöryggi Íslendinga gagnvart náttúruhamförum,
162. mögulegu hruni vistkerfa af völdum loftslagsbreytinga, landnámi nýrra tegunda og smitsjúkdóma í
163. plöntum og möguleikanum á því að innflutningur á matvælum og sáðfræi geti raskast til lengri tíma.

164. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**

165. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

166. **13. Ályktun um umhverfisálag í ferðapjónustu**

167. Landsfundur VG áréttar að farsæl ferðapjónusta verður að vera rekin á grunni sjálfbærni. Enn vantar
 168. nokkuð á og mikilvægt er að ná þar hratt fullnægjandi árangri, meðal annars með því að lina álag á
 169. umhverfið og aðlaga ferðapjónustu að þolmörkum náttúru, samfélaga og margþætts atvinnulífs.
 170. Viðmið þolmarka er ávallt þrjúþætt sjálfbærni; í ljósi náttúru, samfélags og efnahagsmála.
171. Gríðarhröð fjölgun ferðamanna, hörð, stjórnlítil samkeppni og sein viðbrögð hins opinbera hafa
 172. framkallað misvægi álags á umhverfi og samfélög. Víða má auka móttöku ferðmanna en annars
 173. staðar þarf að kanna hvernig stýra megi álaginu og að hvaða marki. Í báðum tilvikum verður að bæta
 174. innviði og miða uppbyggingu, eða samdrátt, við sjálfbærni. Hún getur líka sett skorður við þann
 175. heildarfjölda ferðamanna sem íslenskt samfélag og náttúra geta tekið við, svo vel sé. Þá greiningu og
 176. umræður í átt til almenns samkomulags verður að hefja sem allra fyrst.

177. Landsfundurinn hvetur til aukinnar umræðu um þessi efni, til endurskoðunar á skiptingu tekna af
 178. ferðapjónustu milli ríkis og sveitarfélaga og til aukinna fjárveitinga vegna uppbyggingar innviða í
 179. þjóðgörðum og á friðuðum svæðum, þar sem þeirra er þörf. Enn fremur er hvatt til álagsstýringar á
 180. fjölsóttum stöðum í samvinnu við fyrirtæki í ferðapjónustu, landeigendur, sveitarfélög, ríkisstofnanir
 181. og umhverfisverndarsamtök.

182. Einn lykill að bættri umgengi við landið er öflug landvarsla og þróttmikið fræðslustarf. Menntun
 183. leiðsögumanna og landvarða skipar þar háan sess.

184. Almenningsfræðsla og fræðsla ferðamanna sömuleiðis. Mikilvægast er þó að fjölga landvörðum og
 185. bæta starfsaðstöðu þeirra ásamt því að kanna hvort hóflegur hluti þess hóps eigi ekki að vera með
 186. menntun og starfsréttindi lögreglumanna samhliða landvarðaréttindum.

187. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**

188. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

189. **14. Ályktun um friðlýsingu, vöktun og stjórnun náttúruverndarsvæða**

190. Landsfundur VG ítrekar stefnu sína um verndun íslenskrar náttúru. Það felur í sér að friðlýsa, að
 191. vakta og rannsaka, að fræða almenning, og að stjórna verndarsvæðum á viðeigandi hátt. Samkvæmt
 192. náttúruverndarlögum ber Íslandi að endurskoða Náttúruminjaskrá (C hluta) og framkvæmdaráætlun
 193. hennar (B hluta). Mikilvægt er að halda áfram að friðlýsa vistgerðir, jarðminjar, óbyggð víðerni og
 194. landslög, til að tryggja að sérstaða náttúru Íslands njóti verndar.

195. Landsfundur VG telur mikilvægt er að friðlýsa hálendið í heild sem verndarsvæði, stofna þjóðgarða á
 196. Vestfjörðum/Breiðafirði og bæta við tugum annarra tegunda friðlýstra svæða. Íslandi ber að styrkja
 197. stjórnun náttúruverndarsvæða með því að bæta landvörslu og fjölga sérfræðistörfum tengdum
 198. náttúruvernd, bæði hjá stofnunum og hjá sveitarfélögum. Vöktun og rannsóknir sem stuðla að
 199. náttúruvernd þarf að styrkja til framtíðar og efla þarf tengsl á milli umhverfismála og menntunar til
 200. að tryggja viðeigandi fræðslu og þekkingu á náttúruvernd.

201. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**

202. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

203. **15. Ályktun um að standa vörð um víðsýni á Íslandi.**

204. Til að stuðla að verndun hinnar náttúrulegu víðsýni á Íslandi, sem er hluti af jarðfræðilegri fjölbreytni
 205. landsins, ber okkur að varðveita skipulega heildarmynd landslags (óbyggðir, víðerni, vatnsfarvegi,
 206. fossa og stöðuvötn, strendur, fjöll og dali). Það á sérstaklega við um svæði sem eru sérstæð, fágæt
 207. eða sérlega verðmæt vegna fagurfræðilegs og/eða menningarlegs gildis.

208. Til að tryggja viðeigandi verndun víðsýnis Íslands telur Landsfundur VG mikilvægt að draga úr
 209. „landtöku“, þ.a.s. tapi á náttúrulegum svæðum vegna iðnaðar, landbúnaðar, orkuiðnaðar, vegakerfis,
 210. afþreyingariðnaðar (sumarbústaðir, golfvöllir) og hafnarsvæða*. Staðfesta þarf evrópskan sáttmála
 211. um verndun landslags og framfylgja þarf íslenskum náttúruverndarlögum hvað varðar verndun
 212. landslags.
 213. [*Land take á ensku: sjá lýsing frá EEA [https://www.eea.europa.eu/data-and-maps/indicators/land-](https://www.eea.europa.eu/data-and-maps/indicators/land-take)
 214. [take](https://www.eea.europa.eu/data-and-maps/indicators/land-take)]

215. **Fyrir hönd málefnaþóps um umhverfismál,**

216. *Einar Bergmundur, René Biasone og Hildur Knútsdóttir*

217. **16. Ályktun um mengandi stóriðju í Helguvík**

218. Landsfundur VG er mótfallinn mengandi stóriðju í Helguvík og krefst þess hún verði stöðvuð.

219. Kominn er tími til að harmsaga United Silicon taki enda og að íbúar í nágrenni verksmiðjunnar njóti
 220. vafans. Nú hefur einn ofn verið gangsettur og fram að þessu hefur fyrirtækið ekki ráðið við að
 221. það verkefni með afleiðingum sem íbúar líða fyrir. Mengun frá kísilveri United Silicon hefur haft
 222. neikvæðar afleiðingar á heilsufar og lífsgæði fjölda bæjarbúa í Reykjanesbæ. Fjölmargir hafa veikst,
 223. fólk getur ekki verið utandyra og ekki haft opna glugga á heimilum sínum. Fyrirhugaðar framkvæmdir
 224. við kísilver Thorsil munu auka á það fordæmalausa ástand sem ríkir nú þegar í Reykjanesbæ. Telur
 225. landsfundurinn að hér sé um brot á mannréttindum að ræða þar sem hagsmunir mengandi stóriðju eru
 226. teknir fram yfir hagsmuni íbúa á svæðinu.

227. Vinstrihreyfingin – grænt framboð mun verja hagsmuni íbúa á svæðinu og tryggja öryggi og velferð
 228. þeirra með því að berjast gegn og stöðva alla mengandi stóriðju í Helguvík.

229. **VG á Suðurnesjum**

230. **17. Ályktun um mengun frá skipum og umferð um hafsvæði**

231. Fundurinn skorar á íslensk stjórnvöld að taka tafarlaust upp samskonar reglur og gilda í Norðursjó og Eystrasalti um útblástur skipa á hafsvæðinu umhverfis landið. Það þarf að innleiða viðauka
232. VI í MARPOL samningnum og fylgja honum eftir með skilgreiningu ECA (Emission control area)
233. svæðis. Íslendingar eiga að stilla sér upp meðal fremstu þjóða við Norður Atlantshaf um að draga
234. úr mengun af öllu tagi um allt Atlantshafið. Þannig sýnum við í verki náttúruvernd á viðkvæmu lífríki
235. Norðurslóða.

237. **Stjórn svæðisfélags VG á Akureyri,**

238. *Sóley Björk Stefánsdóttir og Edward H. Huijbens*

239. **18. Ályktun um bann við plastögnum í snyrtivörum**

240. Fundurinn skorar á Alþingi að beita sér fyrir banni á notkun plastagna í snyrti- og hreinlætisvörum.
241. Örplast brotnar ekki niður í náttúrunni og getur flutt með sér eiturefni upp fæðukeðjuna. Örplast er
242. mikið notað í andlitsskrúbba, tannkrem, þvottaefni o.fl., þrátt fyrir að til séu náttúruleg efni sem gera
243. sama gagn. Þetta plast á greiða leið til sjávar úr niðurföllum á heimilum, þar sem skólphreinsistöðvar
244. ná ekki að síla það frá.

245. **Stjórn svæðisfélags VG á Akureyri,**

246. *Sóley Björk Stefánsdóttir og Edward H. Huijbens*

247. Jafnréttismál

248. 19. Ályktun um rétt barnsins og kynjakerfið

249. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs leggur áherslu á að uppbrot kynjakerfisins er grundvallarþáttur þegar kemur að stöðu og tækifærum barna. Réttur barna til samveru með báðum foreldrum skal ávallt virtur og leggja þarf sérstaka áherslu á úrræði sem hafa þau réttindi í forgrunni.
252. Lengja þarf fæðingarorlof foreldra og hækka þarf greiðslur úr fæðingarorlofssjóði þannig að ung börn eigi frekari kost á að njóta samvista við foreldra í frumæsku.
254. Upphæð fæðingarorlofs og fæðingarstyrks má ekki vera hamlandi fyrir annað kynið eða sérstaka þjóðfélagshópa, s.s. námsfólk.
256. Leggja þarf áherslu á úrbætur í lögheimilismálum barna þannig að ákvarðanatataka og bótaréttur verði sem mest í höndum beggja foreldra en ekki eingöngu þess sem hefur sama lögheimili og börnin.
258. Leggja ber áherslu á stuðning við börn og foreldra þeirra í því skyni að ná sátt um fyrirkomulag umgengni og samvista eins og nokkurs er kostur. Þannig má minnka líkur á árekstrum og valdbeitingu sem koma niður á lífsgæðum barna og samvistum þeirra við báða foreldra.
261. Heimildir og úrræði barnaverndaryfirvalda þarf að styrkja og efla þarf ráðgjöf í stað þess að áhersla sé á þvingunarúrræði og að taka börn af foreldrum. Brýnt er að kalla saman fagaðila að borðinu til þess að finna leið til þess að bregðast við.
264. *Fyrir hönd málefnaþóps um jafnréttismál,*
265. *Gestur Svavarsson og Andrea Hjálmsdóttir*

266. 20. Ályktun um meðferð kynferðisbrota í réttarkerfinu

267. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs leggur áherslu á mikilvægi þess að gerð verði heildarúttekt á stöðu kynferðisbrota í réttarkerfinu öllu. Sérstaklega verði horft til stöðu þolenda kynferðisbrota, þeirra sem verða fyrir eltihrellum og þolenda stafræns kynferðisofbeldis. Auka þarf fræðslu og endurmenntun á öllum sviðum samfélagsins en ekki síst í réttarkerfinu, á rannsóknarstigi, ákærustigi og dómsstigi. Nauðsynlegt er ráðast í lagabreytingar en ekki síður að breyta þeirri menningu sem umlykur málaflokkinn og endurspeglar djúpstætt skilningsleysi á alvarleika umræddra brota.
274. *Fyrir hönd málefnaþóps um jafnréttismál,*
275. *Gestur Svavarsson og Andrea Hjálmsdóttir*

276. **21. Ályktun um jafnréttisstarf sveitarfélaga**

277. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs lýsir yfir áhyggjum af bakslagi sem hefur orðið
 278. í jafnréttisstarfi sveitarfélaga, sem lýsir sér í því að jafnréttisnefndir hafa verið sameinaðar öðrum og
 279. jafnréttisfulltrúastöður lagðar af. Brýnt er að sveitarfélög fari að lögum í þessum efnum.

280. Landsfundur undirstrikar mikilvægi þess að sveitarfélög vinni eftir jafnréttisstefnu í samræmi við
 281. lög. Stórátaks er þörfum í eftirfylgni í samræmi við jafnréttisáætlanir sveitarfélaga og ljóst má
 282. vera að þegar jafnréttisstefna er samþykkt án framkvæmdaáætlunar þá minnka líkur á eftirfylgni
 283. til muna og stefnan verður skrautplagg eitt. Þá er nauðsynlegt að sveitafélögin sjái til þess að
 284. fjármagn fylgi áætluðum framkvæmdum vegna stefnunnar til að þau geti orðið að veruleika. Öll
 285. málefni sveitarfélaga sem lúta að kynjajafnrétti og alla ákvarðanatöku þarf að skoða vandlega út
 286. frá kynjasjónarhorni. Hér er mikilvægi þess að jafnréttismat fari fram á öllum stjórnsýsluaðgerðum
 287. undirstrikað, hvort sem um er að ræða til að mynda lagasetningar, þjónustu, framkvæmdir eða
 288. skipulagsbreytingar.

289. **Fyrir hönd málefnaþóps um jafnréttismál,**
 290. *Gestur Svavarsson og Andrea Hjálmsdóttir*

291. **22. Ályktun um ofbeldi í nánnum samböndum**

292. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs undirstrikar að ofbeldi í nánnum samböndum
 293. er grafalvarlegt samfélagsmein. Útrýma þarf hverskyns birtingarmyndum af slíku ofbeldi og
 294. kynbundnu ofbeldi með samhentum átaki sem felst meðal annars í því að leggja aukna áherslu á
 295. forvarnir og fræðslu sem víðast í samfélaginu. Mikilvægt er að heimilisofbeldi verði ekki lengur álitid
 296. fjölskyldumálefni einstaklinga, heldur vandi samfélags sem feli í sér skyldur og ábyrgð stjórnvalda
 297. sem miklu skiptir að axla.

298. Í þessu skyni þarf einnig að fullgilda Ístanbúl-samninginn, samning Evrópuráðsins um forvarnir og
 299. baráttu gegn ofbeldi á konum og heimilisofbeldi, en samningurinn var undirritaður af fulltrúum
 300. Íslands 2011.

301. Fræðsla um ofbeldi og samskipti í nánnum samböndum sem byggir á umfjöllun um tilfinningar, nánd,
 302. mörk og samþykki er bráðnauðsynleg ekki síst á grunn- og framhaldskólastigi sem mikilvægt skref í
 303. átt að auknu jafnrétti og félagslegu réttlæti.

304. **Fyrir hönd málefnaþóps um jafnréttismál,**
 305. *Gestur Svavarsson og Andrea Hjálmsdóttir*

306. **23. Ályktun um launajafnrétti**

307. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs leggur á það áherslu að jafnlaunavottun sú sem
 308. samþykkt var á Alþingi í vor er ekki allsherjarlausn á þeim vanda sem endurspeglast í launamisrétti
 309. kynjanna. Til að ráðast að rótum vandans þarf að grípa til frekari aðgerða. Jafnlaunavottunin tryggir
 310. bara ákveðin gæði og jafnræði við launaákvæðanir. Til að stuðla að því að útrýma launamun kynjanna
 311. þarf að vinna á því sem skiptir mestu máli; að uppræta kynskiptan vinnumarkað og að kvennastörf
 312. séu metin minna en hefðbundin karlastörf. Auk þess tekur jafnlaunavottunin ekki á stéttaskiptingu og
 313. stigveldi á vinnumarkaði, viðhorfum og vinnumenningu og kynjuðu menntakerfi.

314. *Fyrir hönd málefnaþóps um jafnréttismál,*
 315. *Gestur Svavarsson og Andrea Hjálmsdóttir*

316. **24. Ályktun um uppreist æru**

317. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. - 8. október 2017,
 318. mælist til þess að lög um uppreist æru verði endurskoðuð. Lögin þjóna hagsmunum ofbeldismanna og
 319. gera lítið úr því sem brotapolar hafa þurft að ganga í gegn um. Mál tveggja níðinga sem hafa komið í
 320. dagsljósið á undanförunum misserum hafa leitt í ljós að löggin eru í engum takti við skilning samfélagsins
 321. á óflekkuðu mannorði og eru því meingölluð. Brotapolar eiga rétt á því að gerandi taki afleiðingum
 322. gjörða sinna og sé ekki fríaður samfélagslegri ábyrgð á þennan hátt.

323. *Framkvæmdastjórn UVG*

324. **25. Ályktun um Konur þurfa bara að vera duglegri**

325. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. - 8. október 2017, fagnar
 326. þeirri auknu umræðu um kynjamisrétti sem sprottið hefur af ýmiskonar framtaki líkt og KþBAVD.
 327. Mikilvægt er að uppræta allt kynjamisrétti, og það hefur sýnt sig og sannað að aukin umræða
 328. hefur skilað miklum árangri í vitundarvakningu í gegnum tíðina. Vinstrihreyfingin - grænt framboð
 329. fagnar því einnig að lög um jafnlaunavottun hafi verið samþykkt, en telja jafnframt að það þurfi að
 330. ganga mun lengra til þess að ná fram raunverulegu jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. T.a.m. tekur
 331. jafnlaunavottunin ekki á kynjaskiptum vinnumarkaði þar sem störf þar sem konur eru meirihluti eru að
 332. jafnaði verr launuð heldur en störf þar sem karlar eru í meirihluta, og grípa þarf til aðgerða til þess að
 333. breyta því.

334. *Framkvæmdastjórn UVG*

Alþjóða- og mannréttindamál

26. Ályktun um afstöðu Íslands til kjarnorkuafvopunar

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs ályktar að Ísland gerist aðili að sáttmála

Sameinuðu þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum.

Samningur þessi, sem er niðurstaða viðræðna 124 þjóða, mun væntanlega skipa sér í hóp

mikilvægustu afvopnunar samninga sögunnar, á borð við sáttmála sem banna jarðsprengjur, efnavopn

og líftæknivopn.

Illu heilli kaus Ísland að taka ekki þátt í undirbúningi þessa samnings og var sú afstaða í samræmi við

ákvörðun annarra aðildarríkja kjarnorkubandalagsins NATÓ, en sem kunnugt er áskilur NATÓ sér rétt

til beitingu kjarnorkuvopna að fyrri bragði. Enn er þó færi á því fyrir Ísland að undirrita sáttmálann,

undirgangast skuldbindingar hans og leggja sitt að mörkum til útrýmingar kjarnorkuvopna í heiminum.

Fyrir hönd málefna hóps um alþjóða- og mannréttindamál,

Auður Lilja Erlingsdóttir og Daníel E. Arnarsson

27. Ályktun um kjarnorkuvopn: Segjum nei við kjarnorkuvopnum!

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. - 8. október 2017,

harmar að Ísland hafi ekki verið á meðal þeirra 122 þjóða sem skrifuðu undir samkomulag Sameinuðu

þjóðanna um bann við kjarnorkuvopnum. Með því hafa íslensk stjórnvöld sýnt með skýrum hætti

að þau hafa ekki lært af sögunni og styðja við notkun geryðingarvopna sem gætu hrint af stað

stríðsátökum af ófyrirséðri stærðargráðu. Ísland á að styðja bann við kjarnorkuvopnum og ganga úr

NATO.

Framkvæmdastjórn UVG

28. Ályktun um uppgang fasisma og rasisma: Við viljum ekki afturhvarf til fortíðar

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. - 8. október 2017,

telur að grípa þurfi til róttækra aðgerða til þess að stöðva það afturhvarf sem átt hefur sér stað

í Bandaríkjunum og víðar í heiminum, þar sem uppgangur fasisma og rasisma minnir einna helst á

aðstæður eins og þær voru fyrir mörgum áratugum síðan. Atburðirnir í Charlottesville minnir á þær

alvarlegu afleiðingar sem hatursorðræða gegn minnihlutahópum getur haft í för með sér. Evrópa

og heimurinn allur þarf að sýna í verki að hatur fái ekki að líðast. Uppgangur þjóðernissinnaðra

stjórn málaflókka hér á landi sýnt að á Íslandi er ekki síst þörf fyrir að berjast gegn þjóðernishyggju,

rasisma og hatursorðræðu.

Framkvæmdastjórn UVG

366. **29. Ályktun um vopnavæðingu lögreglunnar**

367. Vinstrihreyfingin - grænt framboð varar eindregið við aukinni vopnavæðingu lögreglu og ítrekar að öll
368. umræða um aukinn vopnaburð lögreglu verður að byggjast á staðreyndum og má ekki verða til þess
369. að ala á ótta við tiltekna samfélagshópa.

370. Ísland á að heita herlaust og friðsamt land. Við þurfum að gæta vel að því að engar breytingar verði
371. á þeirri stöðu. Við getum verið fyrirmynd annarra þjóða og eigum tala fyrir friðsamlegum lausnum og
372. vera hvarvetna rödd friðar og vopnleysis. Þessum sjónarmiðum þarf að halda til haga þegar rætt er
373. um vopnaburð íslensku lögreglunnar.

374. Vinstri græn hafa ítrekað bent á þann vanda sem lögreglan í landinu býr við. Áætlað er að um 200
375. almenna lögreglumenn vanti til að mönnun standi undir þeim þjónustu- og öryggiskröfum sem gerðar
376. eru til lögreglunnar. Viðvarandi undirmönnun hefur líka leitt til óhóflegs álags á lögreglumenn í starfi.
377. Mikilvægara er að fjölga lögreglumönnum en byssum og er það margfalt líklegra til að skila árangri og
378. tryggja öryggi almennings um land allt.

379. Það er með öllu ólíðandi að ákvarðanir um meiriháttar stefnubreytingu í löggæslu – breytingu
380. sem hefur víðtæk áhrif á íslenskt samfélag – séu teknar án nokkurrar opinberrar umræðu.

381. Vinstrihreyfingin – grænt framboð ítrekar að aukin vopnavæðing er ekki lausn á neinum vanda. Það á
382. við jafnt hérlendis sem erlendis.

383. **Fyrir hönd málefnaþóps um alþjóða- og mannréttindamál,**

384. *Auður Lilja Erlingsdóttir og Daníel E. Arnarsson*

385. **30. Almenn ályktun um alþjóðamál**

386. Á liðnum árum hefur átakasvæðum í heiminum fjölgað og ofbeldi þar færst í vöxt. Undirliggjandi
387. ástæður þessa eru margvíslegar, svo sem umhverfislegar vegna veðurfarsbreytinga en ekki síður eru
388. þær afleiðing af misskiptingu auðsins þar sem ríkasta brotabrot mannkyns sankar til sín sífellt meiri
389. auðæfum. Á sama tíma keppast vopnaframleiðsluríki við að dæla hergögnum til átakasvæða, án þess
390. að skeyta um afleiðingar þess.

391. Staða heims mála sýnir fram á fullkomið skipbrot íhlutunarstefnu NATO-ríkja. Þrátt fyrir áralangan,
392. blóðugan og kostnaðarsaman hernað er ekkert lát á átökum í Afganistan, Írak og Lýbía. Í Jemen þar
393. sem Sádi-Arabar stunda stríðsrekstur af fullum þunga með stuðningi forysturíkja NATO blasir við
394. hörmuleg hungursneyð og enn er barist í Sýrlandi.

395. Átökin eru í dag komin á það stig að leiðtogi eins valdamesta ríki heims hótar öðrum ríkjum eldi og
396. brennisteini og lítur á kjarnorkuvopn sem raunhæfan kost til að „leysa“ vandamál og draga úr átökum.

397. Staðan sem komin er upp varðandi kjarnorkuvopnaeign Norður-Kóreu og orðaskak stjórnvalda þar
398. við nágranna sína og Bandaríkjastjórn, er lifandi sönnun þess að kjarnorkuvopnastefna risaveldanna
399. er dæmd til að misheppnast. Með því að ausa fjármunum í þróun og uppbyggingu kjarnorkuvopnabúra
400. sinna, gera risaveldin framleiðslu kjarnavopna sífellt ódýrari og auðveldari með þeim óhjákvæmilegu

401. afleiðingum að vopnin breiðast enn frekar út. Eina lausnin hlýtur að vera sú að ríki heims sameinist um
 402. bann það við kjarnorkuvopnum sem samþykkt hefur verið á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, en íslensk
 403. stjórnvöld hafa ekki viljað styðja af þýlyndi við kjarnorkuvopnastefnu NATO.
404. Stríðsátök, sem oftar en ekki er stofnað til eða mögnuð upp af NATO-ríkjum, geta af sér neyð og
 405. eyðileggingu. Sömu ríki styðja við bakið á einræðisstjórnnum sem brjóta á mannréttindum borgara
 406. sinna og NATO-ríki eru sömuleiðis í fararbroddi þeirra samfélaga sem viðhalda þeirri efnahagslegu
 407. misskiptingu sem veldur því að fjöldi fólks um heim allan sér ekki fram á að geta skapað sér
 408. sómasamlegt líf á heimaslóðum.
409. Allir framangreindir þættir ýta undir flutninga fólks, oft við hörmulegar og háskalegar aðstæður,
 410. í leit að friði, öryggi og betra lífi. Í stað þess að horfast í augu við þennan veruleika kjósa ýmsir á
 411. Vesturlöndum að skjóta sér undan ábyrgð, afmennska fólkið sem hér um ræðir og breyta þeim í
 412. vandamál – flóttamannavandann.
413. Ein birtingarmynd þessa skeytingarleysis er uppgangur þjóðernisöfufólks, kynþáttahatara
 414. og nýnasista víða um lönd. Það eru samtök sem hafa það helst á stefnuskránni að ala á ótta við
 415. útlendinga, minnihlutahópa og ólíka menningarheima. Slík öfl hafa náð kjöri á þjóðþingum og
 416. einstaklingar sem styðja málstaðinn fremja hatursglæpi, jafnvel án fordæmingar ráðandi aðila. Hér
 417. á landi má sjá sömu orðræðu þó að reynt sé að fegra hana með umhyggju fyrir fátæku fólki og eldri
 418. borgurum, þ.e. ræða kostnaðinn við „flóttamannavandann“ í stað þess að ræða sjálfa uppsprettuna:
 419. misskiptingu auðsins.
420. Ísland ætti á alþjóðavettvangi að tala máli afvopnunar, mæla fyrir friðsamlegum lausnum og ýta undir
 421. umburðarlyndi í stað þjónkunar við hernaðarhyggju NATO. Í skýrslu um framtíð utanríkisþjónustunnar
 422. sem nýverið var kynnt kemur skilningsleysi íslenskra ráðamanna enn skýrar í ljós þar sem lausnin
 423. við sívaxandi misskiptingu, átökum og neyð virðist helst felast í að stofna á nýjan leik sérstaka
 424. varnarmálaskrifstofu og fella friðargæsluna undir hana.
425. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboð ítrekar stefnu sína í alþjóða- og friðarmálum og
 426. leggur áherslu á að íslensk stjórnvöld beiti sér fyrir að:
- 427. • Ísland taki skilyrðislausa afstöðu gegn hernaði.
 - 428. • Ísland segi sig úr NATO.
 - 429. • Ísland beiti sér fyrir afvopnun á alþjóðavettvangi.
 - 430. • Ísland sé friðlýst fyrir kjarnorkuvopnum og banni umferð þeirra í íslenskri lögsögu.
 - 431. • Ísland undirriti sáttmálann um alþjóðlegt bann við kjarnorkuvopnum.
 - 432. • Ísland sendi ekki fulltrúa til að starfa á vegum hernaðarsamtaka erlendis.
 - 433. • Ísland taki á móti fleiri flóttamönnum.
 - 434. • Ísland beiti sér gegn múrum og girðingum milli þjóða og þjóðfélagshópa.
435. **Fyrir hönd málefnaþóps um alþjóða- og mannréttindamál,**
 436. Auður Lilja Erlingsdóttir og Daniel E. Arnarsson

437. **31. Ályktun um norðurslóðir**

438. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. – 8. október 2017
439. Ítrekar afstöðu hreyfingarinnar þegar kemur að málefnum norðurslóða. Höfuðverkefni þeirra
440. sem vinna að málefnum norðurslóða er að stemma stigu við loftlagsbreytingum af mannavöldum.
441. Loftlagsbreytingar ógna ekki aðeins lífríki og lífsháttum á norðurslóðum heldur eru þær
442. afdrifaríkasta áskorun mannkyns alls til framtíðar. Í þágu langtímahagsmuna komandi kynslóða gjalda
443. Vinstri græn varhug við áformum um vinnslu gass og olíu á norðurslóðum. Jarðefnaeldsneyti er sá
444. þáttur sem veldur mestu álagi á lofthjúp jarðar og því felst ákveðin þversögn í því að Ísland taki þátt í
445. að auka á þann vanda á sama tíma og Ísland hefur lagt á það áherslu að skipa sér í fremstu röð þeirra
446. ríkja sem vilja berjast gegn loftslagsvánni.
447. Vinstri græn leggja þunga áherslu á rétt frumbyggja til eigin lands og alhliða viðurkenningar á
448. sjálfstæðum rétti þeirra til blómstrandi menningar á eigin forsendum, lífshátta og sjálfstjórnar.
449. Rannsóknir hafa sýnt að verðmæti og fjármagn streymir iðulega frá jaðarsvæðum til borga og
450. þéttbýlla svæða eða jafnvel suður á bóginn og út fyrir landsteinana. Það er úrslitaatriði fyrir samfélög
451. norðursins til framtíðar að heimamenn fái sjálfir að njóta auðlinda norðursins með sjálfbærum hætti
452. og að arður haldist heima fyrir á afskekktari slóðum til uppbyggingar innviða og tækifæra fyrir yngri
453. kynslóðir.
454. Leggja þarf sérstaka rækt við samspil umhverfis og mannlífs á norðurslóðum og styrkja félagslegar
455. rannsóknir og tengingar þeirra við stefnumótun. Á þeim sviðum á Ísland að sækjast eftir að vera
456. leiðandi rödd innan Norðurskautsráðsins.

457. **Fyrir hönd málefna hóps um alþjóða- og mannréttindamál,**

458. *Auður Lilja Erlingsdóttir og Daníel E. Arnarsson*

459. **32. Ályktun um alþjóðsamninga**

460. Síðastliðinn vetur var á Alþingi fullgiltur fríverslunarsamningur milli EFTA-ríkjanna og Filippseyja.
461. Samningurinn var fullgildur þrátt fyrir að fyrir lægi og bent væri á í þingsal að forseti Filippseyja,
462. lögreglulið og sérsvéitir á hans vegum hafi nýverið drepið tæplega 5000 manns án dóms og laga.
463. Einnig hafa Sameinuðu þjóðirnar skorað á þarlend stjórnvöld að virða laga og réttarkerfið í landinu.
464. Vinstrihreyfingin – grænt framboð ítrekar andstöðu sína við að íslensk stjórnvöld geri
465. fríverslunarsamninga við ríki sem ekki virða lágmarks mannréttindi. Ísland á að vera í fremstu röð
466. á heimsvísu að að beita sér á alþjóðavettvangi fyrir friðsamlegum lausnum, jöfnuði og félagslegu
467. réttlæti.

468. **Fyrir hönd málefna hóps um alþjóða- og mannréttindamál,**

469. *Auður Lilja Erlingsdóttir og Daníel E. Arnarsson*

470. **33. Ályktun um málefni hinsegin fólks**

471. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. – 8. október 2017 lýsir
472. yfir áhyggjum af því að Ísland hafi dregist verulega aftur úr þegar kemur að alþjóðlegum samanburði
473. á stöðu hinsegin fólks í heiminum. Á regnbogakorti ILGA Europe uppfyllir Ísland nú innan við helming
474. lagalegra skilyrða til að réttindi hinsegin fólks séu tryggð og hefur Ísland því dregist mikið aftur úr
475. síðan 2014 og er nú töluvert á eftir þeim þjóðum sem við berum okkur gjarnan saman við.
476. Vinstri græn vilja tryggja atvinnuöryggi hinsegin fólks með lagasetningu þess efnis að ekki sé
477. hægt að segja fólki upp á grundvelli kynhneigðar, kynvitundar, kyneinkenna eða kyntjáningar, líkt
478. og staðan er í dag. Eins mótmæla Vinstri græn því að skurðaðgerðir séu framkvæmdar á intersex
479. fólki, jafnvel frá bernsku, án nauðsynjar eða samþykkis þess. Einnig mótmæla Vinstri græn því að
480. geðröskunargreiningu þurfi til þess eins að fólk fái að breyta kynskráningu sinni hjá hinu opinbera.
481. Vinstri græn vilja að intersex einstaklingar fái að ráða því sjálfir hvort þeir falli inn í þær fyrir fram
482. ákveðnu kynjamyndir þegar þeir hafa aldur til og ekki eigi að raska kynvitund þeirra með óþarfa
483. inngripum á kyneinkennum þeirra. Það er klárt mannréttindabrot að framkvæma aðgerðir á
484. hvítvoðungum til þess eins að normgera kyneinkenni þeirra, svo þeir passi inn í ákveðinn kynjaramma
485. án upplýsts samþykkis einstaklingsins.
486. Allir hafa rétt á að vera sú manneskja sem þeir eru óháð öllu öðru. Fólk á sjálf að fá að skilgreina
487. sig út frá sinni kynvitund, kynhneigð, kyneinkennum og kyntjáningu, hvort sem það fari í aðgerð eða
488. kynleiðréttingaferli, til að sækjast eftir kyneinkennum sem samrýmast betur þeirra kynvitund, eða
489. ekki. Fólk á sjálf að fá að ákveða hvort það fari í kynleiðréttingaferli og á sömuleiðis sjálf að stjórna
490. ferlinu.
491. Ekki skal gera kröfur um ákveðna kyntjáningu til þess að aðgerð sé leyfð, heldur á einstaklingurinn
492. sjálfur að stýra ferðinni í góðu samráði við lækna. Horfið verði frá hinum úreltu viðhorfum að
493. einstaklingar þurfi geðröskunargreiningu til þess að þeim sé hleypt inn í kynleiðréttingaferli, þar
494. sem það er gróf tímaskekking. Aldrei má hefta aðgengi einstaklings að heilbrigðisþjónustu og gildir
495. nákvæmlega það sama þegar kemur að trans einstaklingum. Kynleiðréttingaferlið skal vera greitt af
496. hinu opinbera.
497. Vinstri græn vilja að fólk ráði því sjálf hvornig nafn þess og kyn sé skráð í Þjóðskrá. Eins verði við
498. fleiri valmöguleikum en aðeins hinum tveimur hefðbundnu kynjum, þar sem allt fólk fellur ekki í
499. sama mótið. Ísland gæti í þessum efnum farið að fordæmi annarra þjóða með því að bjóða upp á
500. X-skráningu í Þjóðskrá, sem þýðir einfaldlega að hið opinbera skráir fólk hvorki sem karl né konu.
501. Því gætu einstaklingar verið X-merktir í vegabréfi og á öðrum persónuskilríkjum sem krefjast
502. kynskráningar.
503. Einnig þarf að tryggja hinsegin fólki vernd í stjórnarskrá með því að bæta við 65. grein, svo þar séu
504. að auki tilgreind kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni og kyntjáning. Á sama veg ætti stjórnarskráin að
505. viðurkenna fleiri kyn en aðeins þau sem kynjatvíhyggjan gerir ráð fyrir, þ.e. karl og konu.

506. Stefnt skal að því að leggja af kynjaskipt salerni í opinberum byggingum eða tryggja kynhlutlaus
 507. salerni þar sem það á við, enda er það mikilvægt fyrir fólk sem ekki fellur að hinum hefðbundna
 508. kynjaramma. Bann við blóðgjöfum karlmanna sem stunda mök með öðrum karlmönnum er einnig
 509. tímaskekkja sem þarf að afnema sem fyrst. Íslenska ríkið þarf að leggja áherslu á það að semja við
 510. ríki sem heimila ættleiðingar hinsegin fólks ásamt því að vera mun sterkara þrýstiafl á þjóðir sem
 511. banna ættleiðingar hinsegin fólks.
512. Einnig eru hinsegin hælisleitendur hópur sem þarf að hlúa sérstaklega að, þar sem um jaðarhóp innan
 513. jaðarhóps er að ræða. Þeim þarf að tryggja bestu mögulegu ráðgjöf og þjónustu sem hugsast getur,
 514. auk þess sem Útlendingastofnun þarf að taka sérstakt tillit til þess hóps. Eins er kominn tími til að
 515. Íslenska ríkið styðji í ríkari mæli við hagsmunasamtök hinsegin fólks, sem fær aðeins brotabrot af því
 516. fé sem nágrannalönd okkar leggja til sambærilegra félaga. Þá hefur ríkið hingað til vanrækt að setja
 517. slík samtök á fjárlög.
518. Íslensk stjórnvöld hafa gjarnan barið sér á brjóst og fagnað góðum árangri um það leyti sem
 519. hátíðarhöld hinsegin fólks fara fram. Jákvæður málflutningur stjórnvalda dugar hins vegar
 520. óneitanlega skammt ef aðgerðir og lagabreytingar fylgja ekki fögrum orðum. Alþingi og Íslenska ríkið
 521. þarf að gera meira þegar kemur að málefnum hinsegin fólks og þar eru Vinstri græn tilbúin til að taka
 522. stór skref.
523. **Fyrir hönd málefnaþóps um alþjóða- og mannréttindamál,**
 524. Auður Lilja Erlingsdóttir og Daniel E. Arnarsson
525. **34. Ályktun um stöðu umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólk**
 526. Staða umsækjanda um alþjóðlega vernd og flóttafólks Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar –
 527. græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. – 8. október 2017 vill stórbæta aðbúnað umsækjanda um
 528. alþjóðlega vernd og veita fleirum stöðu flóttafólks. Sem einni ríkustu þjóð í heimi ber okkur að taka
 529. betur á móti þeim sem hingað leita með ósk um alþjóðlega vernd og taka fleiri mál einstaklinga
 530. til efnislegar meðferðar, veita fleirum stöðu flóttfólks og senda færri úr landi á grundvelli
 531. Dyflinarreglugerðarinnar. Allir sem sækja um alþjóðlega vernd eiga að vera í þjónustu sveitarfélags
 532. sem rekur félagsþjónustu og skóla, en ríkisstofnun á borð við Útlendingastofnun á ekki að taka að
 533. sér slíka þjónustu eins og nú er. Þá er mikilvægt að tryggja að börn umsækjenda um alþjóðlega vernd
 534. búi við ásættanlegar aðstæður og fái fljótt inni í skóla, á meðan mál fjölskyldunnar bíður afgreiðslu.
 535. Mikilvægt er að standa með sómasamlegum hætti að móttöku og þjónustu við fylgdarlaus börn og
 536. tryggja að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, sem og aðrir mannréttindasáttmálar, séu uppfylltir
 537. í öllum tilfellum. Þeir sem fá stöðu flóttamanns þurfa að fá öruggt húsnæði meðan þeir eru að koma
 538. undir sig fótunum. Varðandi það flóttafólk sem er boðið hingað af yfirvöldum skiptir máli að nota ekki
 539. móttöku flóttafólks sem tekjuöflun fyrir sveitarfélög heldur finna þeim búsetu í sveitarfélögum sem
 540. hafa innviði, þekkingu og reynslu til að veita þá fjölbreyttu og flóknu þjónustu sem flóttamenn þurfa
 541. til að byrja með. Efla þarf íslenskukennslu og veita fólki tækifæri til að fara í skóla sem hentar þeirra
 542. menntunarstigi. Þeir sem koma hingað sem umsækjendur um alþjóðlega vernd og fá stöðu flóttafólks

543. þurfa að fá sömu móttökur, þjónustu og tækifæri og það flóttafólk sem er boðið hingað. Móttökurnar
 544. og stuðningurinn sem fólk fær til að byrja með ræður úrslitum um það hvort því tekst að koma undir
 545. sig fótunum og halda heilsu til lengri tíma. Alþjóða- og mannréttindahópur Vinstri grænna

546. **Fyrir hönd málefnaþóps um alþjóða- og mannréttindamál,**

547. Auður Lilja Erlingsdóttir og Daniel E. Arnarsson

548. **35. Ályktun um samhengi umhverfismála, frjálsra viðskipta, byggðamála og matvælaframleiðslu**

549. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 6.-8. október 2017 ályktar:

550. Horfa verður í samhengi á umhverfismál, frjáls viðskipti, byggðamál og matvælaframleiðslu.

551. 1. Vöruflutningar um langa leið valda gífurlegri mengun og enn meiri ef um er að ræða flutninga
 552. kæli- eða frystivöru. Það er því nokkuð ljóst að fyrr eða síðar verða gerðir alþjóðlegir samningar
 553. af umhverfisástæðum um takmarkanir á vöruflutninga á einhvern hátt. Þótt ekki væri af öðrum
 554. ástæðum en því er mikilvægt að stefna að því að framleiðsla fari fram sem næst neytandanum, ekki
 555. síst margvísleg matvælaframleiðsla.

556. 2. Af þessum ástæðum eru Íslendingar í raun heppnir að búa við þær hömlur sem ríkja á innflutningi
 557. ýmissa landbúnaðarvara. Þótt ekki væri af öðrum ástæðum er mikilvægt að halda í þessar hömlur
 558. þótt þær valdi hugsanlega í mörgum tilvikum hærra matvælaverði þegar til skamms tíma er litið. Allar
 559. líkur eru á að slíkur kostnaður muni skila sér til baka til komandi kynslóða, jafnvel þegar til þeirrar sem
 560. nú er að vaxa úr grasi.

561. 3. Þótt sýna megi fram á að yfirtaka fjölþjóðlegra stórfyrirtækja á matvælaframleiðslu, ekki síst í
 562. landbúnaði, og alþjóðleg viðskipti þeirra með matvæli hafi í mörgum tilvikum lækkað matarverð hefur
 563. það um leið valdið gífurlegum umhverfisspjöllum og röskun á byggð og samfélagi og hrakið fjölda
 564. fólks úr sveitum og sjávarbyggðum á öskuhauga stórborganna. Þessara geigvænlegu áhrifa gæti ef
 565. til vill mest í viðkvæmari og fátækari samfélögum utan hinna grónu og þróðu auðvaldsríkja en láta
 566. þau þó engan veginn ósnortin.

567. 4. Þessi staða kallar á það sem kalla má grenndarvæðingu eða „lókaliseringu“ í stað hnattvæðingar
 568. eða „glóbaliseringar“. Grenndarstefna byggist á því að framleiðslan fari eftir því sem unnt er fram sem
 569. næst neytandanum, án þess þó að loka á umheiminn, og að hver minnsta eining samfélagsins hafi sem
 570. mest um sín mál að segja og allar ákvarðanir, hvort sem þær eiga við nánasta umhverfi eða heiminn
 571. allan, séu teknar á sem allra lýðræðislegan hátt en ekki af stjórnendum stórfyrirtækja á skrifstofum
 572. víðsjarri. Grenndarstefnan verður að vera sveigjanleg þannig að hún taki tillit til hagsmuna allra
 573. samfélaga, hvort sem um er að ræða frumstæð og einangruð samfélög eða háþróuð samfélög mitt í
 574. hringið heimsins. Grenndarvæðingin byggist ekki á einangrunarstefnu eða þjóðernisstefnu heldur
 575. lýðræðisbyggju og samstöðu alþýðu allra landa í stað þeirrar gróðahyggju og eftir atvikum samstöðu
 576. eða togstreitu auðvalds allra landa sem hnattvæðingin byggist á.

577. 5. Stefna Vinstri grænna í umhverfismálum og varðandi byggðamál og viðskipti og framleiðslu
 578. matvæla og annarra vara byggist hvorki á íhaldssemi né róttækni heldur raunsærri sýn á
 579. umhverfismál og hagsmuni alþýðunnar heima fyrir sem á heimsvísu, í samtíð sem í framtíð. Sérhver
 580. kynslóð ber ábyrgð gagnvart komandi kynslóðum.

581. *Einar Ólafsson*

582. **Greinargerð**

583. Þessi tillaga er sett fram fyrst og fremst til umræðu. Flutningsmaður telur mikilvægt að það
 584. samhengi sem þarna er rætt sé á einhvern hátt sett fram í stefnu flokksins en er viðbúinn því
 585. að fundurinn telji hana þurfa frekari umræðu. Þannig hefur t.d. hugtakið „grenndarvæðing/
 586. grenndarstefna“ (lokalisering/localization) ekki verið tekið til skipulegrar umræðu í flokknum. Til
 587. nánari upplýsinga fylgir með grein um hugtakið sem lengi var aðgengileg á netinu en er það því miður
 588. ekki lengur.

589. **Grenndarstefna**

590. *eftir Einar Ólafsson*

591. *Hið nokkuð svo óljósa fyrirbæri hnattvæðing hefur verið gagnrýnt mjög og jafnvel vakið upp miklar*
 592. *mótmælaaðgerðir víða um heim og alþjóðlega andófshreyfingu á undanförunum áratug. Hverju eru*
 593. *menn að mótmæla? Hvað er svona neikvætt við hnattvæðinguna?*

594. *Andstæðingar hnattvæðingar þrengja hugtakið gjarnan með því að tala um kapítalíska*
 595. *hnattvæðingu eða hnattvæðingu á forsendum nýfrjálshyggjunnar eða stórfyrirtækjanna (corporate*
 596. *globalization). Ýmsar viðskiptahömlur hafa verið afnumdar, einkum gegnum samningaferli á vegum*
 597. *Alþjóðavinnuárástofnunarinnar, þannig að stórfyrirtæki fá frjálssari hendur til að stunda viðskipti*
 598. *hvarvetna og flytja fjármagn og starfsemi hvert á land sem þeim hentar best. Efnahagskerfi*
 599. *heimsins er miðað við hagsmuni stórfyrirtækjanna og hámarksgróði þeirra verður markmiðið.*
 600. *Þetta veldur oft því að staðbundin framleiðsla, bæði í landbúnaði og iðnaði, verður undir, afkoma*
 601. *einstakra byggðarlaga verður háð ákvörðunum sem jafnvel eru teknar á skrifstofum stórfyrirtækja*
 602. *hinum megin á hnettinum, framleiðsla, neysla og ýmsir menningarþættir verða einsleitari. Þess vegna*
 603. *hafa t.d. smábændur og frumbyggjar í þróunarlöndunum verið áberandi í andófshreyfingunni ásamt*
 604. *menntamönnum í þróuðu löndunum auk ýmissa annarra hópa.*

605. *Þessi hreyfing er ekki bara á móti. Æ meiri umræður hafa orðið á undanförunum árum um hvaða*
 606. *valkosti við eigum við kapítalíska hnattvæðingu og nýfrjálshyggju. Meðal annars hefur verið rætt um*
 607. *svokallaða lókalísingingu (localization). Mér er ekki alveg ljóst hvaða íslenskt orð hentar best fyrir*
 608. *þetta, kannski „grenndarvæðing“ eða „grenndarstefna“. Í örstuttu máli má segja að inntak þessarar*
 609. *stefnu sé að hvert byggðarlag eða hver minnsta eining samfélagsins hafi sem mest um sín mál að*
 610. *segja. Það fer svo eftir atvikum hversu víðtækar þessar einingar eru, þær geta verið einstaklingurinn,*
 611. *fjölskyldan, hverfi, sveitarfélag, mismunandi stór byggðarlög, héruð, einstök ríki, ríkjahópur eða*
 612. *heimssvæði. Hugsun í þessa átt er víða að finna, svo sem í því sem kallast nálægðarregla og felst*
 613. *í að sérhver ákvörðun skuli tekin eins nærri þeim sem málið varðar og unnt er. En grenndarstefnan*

614. er bæði víðtækari og róttækari, einkum vegna þess að hún nær líka til framleiðslunnar. Þannig yrði
 615. leitast við að varan yrði framleidd sem næst neytandanum – eða neytt sem næst framleiðandanum.
 616. Hver samfélagseining leitist þannig við að vera sem mest sjálfri sér næg og framleiði fyrir sig það
 617. sem hægt er og hagkvæmt. Og þegar við segjum hagkvæmt, þá skoðum við það í víðu samhengi þar
 618. sem bæði umhverfisleg og samfélagsleg sjónarmið eru tekin inn í dæmið. Við getum kannski fengið
 619. ódýrara lambakjöt frá Nýja Sjálandi ef við skoðum dæmið þröngt. Útkoman breytist hins vegar ef
 620. við tökum inn í dæmið umhverfislegan kostnað, svo sem vegna þeirrar mengunar sem flutningur yfir
 621. hálfan hnöttinn kostar, eða samfélagslegan kostnað vegna þeirra starfa sem tapast hér í landbúnaði
 622. og matvælaíðnaði, sem og vegna og byggðaröskunar og annarra samfélagslegra áhrifa.
623. Grenndarstefnan tengist líka hugmyndum um fæðuöryggi (food security eða food sovereignty)
 624. þar sem mikið er lagt upp úr að lönd eða landshlutar séu sem mest sjálfbjarga varðandi
 625. grundvallarfæðuöflun. Sú stefna beinist m.a. gegn viðleitni yfirþjóðlegra landbúnaðarfyrirtækja
 626. til að sölsa undir sig stór landsvæði í þróunarlöndunum, oft með geigvænlegum afleiðingum fyrir
 627. smábændur.
628. Grenndarvæðingin mundi krefjast allt annarskonar viðskiptareglna og samninga en
 629. Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) stendur fyrir og reyndar hefur verið stungið upp á að sú stofnun
 630. víki fyrir Alþjóðlegu grenndarvæðingarstofnuninni (World Localization Organization – WLO) og
 631. GATT-samningurinn (Almennt samkomulag um um tolla og viðskipti) víki fyrir GAST-samningi sem
 632. stendur fyrir Almennt samkomulag um sjálfbær viðskipti (General Agreement on Sustainable Trade).
633. Með grenndarvæðingu er ekki átt við að hvert samfélag eigi að einangra sig. Þvert á móti leggja
 634. talsmenn hennar áherslu á að tengja hana alþjóðahyggju. Heimsviðskipti halda áfram, en þau mundu
 635. minnka talsvert þar sem fyrst og fremst yrðu fluttar inn vörur sem ekki er hægt eða hagkvæmt að
 636. framleiða heima fyrir. Hins vegar er lögð mikil áhersla á að menn skiptist á upplýsingum og kunnáttu
 637. og vinni þannig saman að aukinni hagsæld. Svona hagkerfi mundi að sjálfsögðu ekki byggjast á
 638. samkeppni nema þá að takmörkuðu leyti og því mundi einstaklingum eða fyrirtækjum ekki vera það
 639. sama hagsmunamál og nú að halda upplýsingum og kunnáttu fyrir sig.
640. Ekki eru allir, sem andæft hafa hnattvæðingunni, jafn hrifnir af þessum hugmyndum. Þannig hefur
 641. t.d. breski blaðamaðurinn George Monbiot gagnrýnt þær bæði í bók sinni *The Age of Consent* og
 642. blaðgreinum (t.d. „I Was Wrong About Trade“, *Guardian* 24.6.03, sjá www.monbiot.com), en hann
 643. óttast að slíkar takmarkanir á heimsviðskiptum gætu dregið úr velmegun og framförum og þær
 644. mundu festa hin vanþróaðri lönd í áframhaldandi vanþróun.
645. **Sjá nánar:**
 646. Colin Hines, *Localization. A Global Manifesto*, Earthscan 2000.
 647. Colin Hines, „Understanding and Explaining Localization“, [www.sovereignty.org.uk/features/](http://www.sovereignty.org.uk/features/footnmouth/local11.html)
 648. [footnmouth/local11.html](http://www.sovereignty.org.uk/features/footnmouth/local11.html).
 649. www.peoplesfoodsovereignty.org
 650. www.foodfirst.org
 651. www.foodsecurity.org
 652. Janúar 2007

653. **Velferðar- og heilbrigðismál**

654. **36. Ályktun um heilbrigðismál**

655. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs leggur áherslu á að heilbrigðiskerfið verði
 656. félagslega rekið sem bæði tryggir best aðgengi almennings að öflugri heilbrigðisþjónustu og er
 657. hagkvæmasta leiðin til að reka góða heilbrigðisþjónustu. Þetta er í takt við vilja yfirgnæfandi
 658. meirihluta landsmanna sem vill samkvæmt skoðanakönnunum að heilbrigðiskerfið sé rekið af hinu
 659. opinbera og hafnar þar með auknum einkarekstri sem hefur hins vegar verið áhugamál núverandi
 660. ríkisstjórnar. Þörf er á skýrri framtíðarsýn fyrir hið opinbera heilbrigðiskerfi í stað tilrauna til að
 661. útvista verkefnum sem einkaaðilar hafa síðan að féþúfu.

662. Þá leggur fundurinn til að stefnt skuli að því að heilsugæslan verði færð frá ríki til sveitarfélaga
 663. að undangengnu vönduðu kostnaðarmati og langtímafjárskuldbindingu ríkisins með tilliti til nýs
 664. heilðræns lýðheilsuhlutverks heilsugæslunnar. Forvarnar- og geðheilbrigðishlutverk heilsugæslunnar
 665. um allt land verði vel skilgreint. Í þessu sambandi verði hugað að stjórnsýslulegri stöðu sveitarfélaga
 666. og samlags sveitarfélaga þannig að þau verði í stakk búin að taka við heilsugæslunni. Mikilvægt er að
 667. þessi breyting sé liður í því að styrkja heilsugæsluna sem fyrsta viðkomustað heilbrigðiskerfisins en
 668. þverpólískt sátt skapaðist um að taka upp tilvísanakerfi samhliða þaki á greiðsluþátttöku sjúklinga.

669. Heilbrigðiskerfið á að þjóna öllum óháð efnahag, aðstæðum og búsetu. Landsfundurinn fagnar því
 670. að náðst hafi samstaða á Alþingi árið 2016 um að setja þak á greiðsluþátttöku sjúklinga en telur að
 671. lækka þurfi það þak og samræma reglur um lækni- og lyfjakostnað. Stefnt skal að því að þjónusta á
 672. heilsugæslunni og göngudeildum verði gjaldfrjál.

673. Kanna skal möguleika á því að koma á fót embætti Umboðsmanns sjúklinga til leiðbeiningar,
 674. stuðnings og hagsmunagæslu fyrir sjúklinga og aðstandendur þeirra.

675. **Fyrir hönd málefna hóps um velferðar-, mennta- og heilbrigðismál**

676. *Brynhildur Björnsdóttir, Sigursteinn Músson og Sigríður Gísladóttir*

677. **37. Ályktun um notendastýrða persónulega aðstoð**

678. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs áréttar að notendastýrð persónuleg aðstoð
 679. þurfi að verða raunverulegt val fyrir þá sem þurfa hana til að lifa sjálfstæðu lífi og tími til kominn
 680. að festa það verkefni í sessi með lögum. Sveitarfélög eiga að bjóða upp á þjónustuna alls staðar
 681. á landinu og ætti hún að vera kostuð af ríkinu og stjórnað af notendunum sjálfum. Mikilvægt er að
 682. reglur og aðgengi að notendastýrðri persónulegri aðstoða séu samræmd milli ólíkra sveitarfélaga.

683. **Fyrir hönd málefna hóps um velferðar-, mennta- og heilbrigðismál**

684. *Brynhildur Björnsdóttir, Sigursteinn Músson og Sigríður Gísladóttir*

685. **38. Ályktun um upprætingu fátæktar á Íslandi**

686. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs haldinn 6.-8. október 2017 felur þingmönnum
 687. VG að leggja fram á yfirstandandi þingi þingsályktunartillögu um að velferðarráðuneytinu verði falið
 688. að gera greiningu á umfangi, eðli og orsökum fátæktar á Íslandi með það að markmiði að gerð verði
 689. hið fyrsta í samvinnu ríkis og sveitarfélaga áætlun um að bregðast við þessum orsökum og fátækt
 690. verði upprætt á Íslandi innan fárra ára.

691. Á Íslandi búa tiltölulega fáir við fátækt um leið og Ísland er tiltölulega vel stætt samfélag og
 692. aðstæður þannig að þetta ætti að vera raunhæft markmið.

693. Nú þegar liggja fyrir miklar upplýsingar um fátækt á Íslandi og orsakir hennar og meðal annars hafa
 694. legið fyrir í tæp þrjú ár tillögur Velferðarvaktarinnar um aðgerðir til að uppræta fátækt. Því ætti að
 695. vera auðvelt að taka saman til bráðabirgða nægilegar upplýsingar til að hefjast handa um afmarkaðar
 696. aðgerðir sem fyrst bæði á vettvangi Alþingis og sveitarstjórna. Eitt af megin stefnumálum VG í næstu
 697. sveitarstjórnarkosningum verði að vinna markvisst að þessu markmiði á næsta kjörtímabili að því
 698. leyti sem það er á verksviði sveitarstjórna.

699. *Einar Ólafsson*

700. **Greinargerð**

701. (Flutningsmaður tók saman nokkrar upplýsingar um fátækt á Íslandi í apríl 2017 og má finna þær á
 702. vefslóðinni <http://ogmundur.is/frjalsir-pennar/nr/8124/>)

703. **39. Ályktun um einkavæðinguna sem óvart varð og baráttuna gegn Landspítala**

704. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. - 8. október 2017, telur
 705. stefnu núverandi ríkisstjórnar ógn við heilbrigðisþjónustu fyrir almenning í landinu. Einkarekstur í
 706. heilbrigðisþjónustu hefur þróast yfir á annað stig en áður hefur þekkt með tilkomu einkarekinna
 707. sjúkrahúsryma. Algert stefnu- og aðgerðarleysi heilbrigðisráðherra í þessum efnum er ólíðandi,
 708. þar sem hann hundsaði m.a. tilmæli landlæknis um að skoða þyrfti lagasetningu í þessum efnum.
 709. Vinstrihreyfingin grænt framboð vill draga stórkostlega úr einkarekstri í heilbrigðiskerfinu, og
 710. afnema hann að lokum. Fjármagn fylgi frá ríkinu til að fjármagna þessa aðgerð.

711. Á meðan einkavæðing í heilbrigðiskerfinu nær að ganga lengra en nokkurn tíma fyrr er Landspítalinn
 712. enn sveltur. Þeir flokkar í ríkisstjórn sem lofuðu auknum fjármunum í heilbrigðiskerfið fella
 713. fjárveitingu sína til viðhalds og húsbygginga undir aukið fjármagn og reyna þannig að réttlæta það að
 714. nánast engu auka fjármagn sé veitt í rekstur Landspítalans. Á meðan er ástandið á Landspítalanum
 715. óviðunandi, bæði fyrir sjúklinga og starfsfólk. Ákalli Landspítalans um aukið fjármagn er svo svarað
 716. með hótunum um að pólitískt kjörin stjórn muni taki við á Landspítalanum - að því er virðist til þess að
 717. þagga niður í ákalli um að ófremdarástandið verði bætt.

718. Vinstrihreyfingin - grænt framboð krefst þess að stjórnvöld standi við kosningaloforð sín og svari
719. kröfu þjóðarinnar um að nauðsynlegt fjármagn verði lagt í hina opinberu heilbrigðisþjónustu til þess
720. að byggja upp sterkt heilbrigðiskerfi þar sem engum er mismunað eftir fjárhag.

721. **Framkvæmdastjórn UVG**

722. **40. Ályktun um geðheilbrigðisþjónustu**

723. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs 6.-8. október 2017 skorar á ríkisstjórnina
724. að bæta og auka geðheilbrigðisþjónustu við landsmenn, bæði úti í samfélaginu og á sjúkrahúsum,
725. með vísun í ítarlega ályktun alþingis 2016 um stefnu og aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum til
726. fjögurra ára. Stofna ber á öllum sjö heilbrigðisstofnunum landsins sérstök geðheilbrigðisteymi, sem
727. skipuleggi geðheilbrigðisþjónustu og veiti ráðgjöf og fræðslu fagfólki sérhvarrar heilsugæslustöðvar
728. í viðkomandi heilbrigðisumdæmi. Fundurinn telur að ekki þoli neina bið að byggja nýjan og betri
729. húsakost fyrir bæði Geðsvið Landspítalans og Geðdeild Sjúkrahúsins á Akureyri, í samræmi við
730. faglegar kröfur sem gerðar eru til nýrra geðdeilda sjúkrahúsa á öðrum Norðurlöndum. Enn fremur
731. er því beint til stjórnar Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs að heilbrigðismál og sérstaklega
732. geðheilbrigðisþjónusta verði á dagskrá næsta flokksráðsfundar til ýtarlegrar fræðslu og kynningar.

733. **VG Akureyri**

734. **41. Ályktun um heilsugæslur á landsbyggðinni**

735. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, haldinn á Grand Hótel 6. - 8. október 2017
736. harmar þá þróun sem hefur verið á heilsugæslustöðvum á landsbyggðinni. Æ meiri áhersla hefur
737. verið lögð á sjúkraflutninga, á láði sem og í lofti, á kostnað uppbyggingar í héraði. Þessi flutningur
738. er miklu dýrari og hefur auk þess mjög óæskileg umhverfisáhrif. Með því að veita auknu fjármagni
739. í uppbyggingu á landsbyggðinni getur Ísland stigið stórt skref til þess að uppfylla skilyrði
740. Parísarsáttmálans.

741. **Stjórn Svæðisfélags VG á Hornafirði**

742. **42. Ályktun um misskiptingu: Auðstéttin í fyrsta sæti - almenningur í öðru**

743. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. - 8. október 2017,
744. harmar ójafnaðarstefnu núverandi ríkisstjórnar. Í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar eru boðaðar enn
745. frekari skattalækkningar á næstu árum, á sama tíma og enn er skorið niður á flestum sviðum.
746. Aðhaldið og niðurskurðurinn er án sýnilegs markmiðs annars en að uppfylla markmið
747. nýfrjálshyggjunnar um að færa fjármagn hinna efnameiri frá þeim sem minna hafa. Vinstrihreyfingin
748. - grænt framboð kallar eftir framsækinni skattastefnu sem grundvallast á hugmyndinni um að hver
749. gefi eftir getu og hver fái eftir þörfum. Fyrir land eins og Ísland, þar sem ríkustu 10% landsmanna
750. eiga um 75% alls auðs, er mikilvægt að skattleggja fjármagnsflutninga, fjármagnstekjur, ofurlaun og

751. miklar eignir. Ráðast þarf að rótum skattsvika, en það að fela fjármagn í skattaskjólum er þjófnaður
752. frá þjóðfélaginu öllu.
753. Að sama skapi þarf þjóðin að fá í auknu mæli arðinn af auðlindum landsins, hvort sem um er að ræða
754. fiskveiðiauðlindina eða rafmagnið sem framleitt er með vatnsfallsvirkjunum. Þær aðgerðir myndu
755. gera þjóðinni kleift að byggja upp innviði sem þjónusta alla, óháð efnahag. Efnahagslegur stöðugleiki
756. þýðir ekki að allir búi við góð kjör. Stefna ríkisstjórnar í þágu þeirra ríku hefur fengið að viðgangast of
757. lengi
758. **Framkvæmdastjórn UVG**

759. **Mennta- og menningarmál**

760. **43. Ályktun um öfluga grunn- og leikskóla**

761. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs lýsir áhyggjum af fyrirsjáanlegum
762. kennaraskorti í grunn- og leikskólum landsins. Nú er þörf á samhentum átaki mennta- og
763. menningarmálaráðuneytis, sveitarfélaga, háskólasamfélagsins og samtaka kennara til að fjölga
764. kennaranemum og búa betur að kennurum í starfi þannig að færri hverfi frá kennslustörfum.

765. Endurskoða þarf framlög sveitarfélaga á hvern nemanda og tryggja þannig viðunandi stuðning
766. í bekkjum og viðunandi hámarksfjölda í hópum. Tryggja þarf aukinn stuðning innan skóla til að
767. framfylgja skóla án aðgreiningar og bæta félagslega þjónustu og heilsugæslu í nærumhverfi hvers
768. skóla.

769. **Fyrir hönd málefna hóps um velferðar-, mennta- og heilbrigðismál**

770. *Brynhildur Björnsdóttir, Sigursteinn Músson og Sigríður Gísladóttir*

771. **44. Ályktun um raunverulegt gjaldfrjálsi í grunnskólum**

772. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. - 8. október 2017,
773. fagnar því að sveitarfélög séu í auknum mæli farin að bjóða börnum í grunnskóla upp á frí námsgögn.
774. Þetta er mikilvægt skref í því að vinna að því að skólar séu raunverulega gjaldfrjálsir, en á meðan
775. foreldrar þurfa enn að kaupa námsgögn er það ekki raunverulega svo og skólakerfið gerir upp
776. á milli barna efnameiri og efnaminni foreldra. Menntun á að vera gjaldfrjáls að öllu leyti og ekki
777. gera upp á milli barna eftir efnahag. Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill setja menntamál í
778. forgang í sveitastjórnarkosningum í vor, þ.á.m. að námsgögn verði frí fyrir börn um land allt sem og
779. skólamáltíðir.

780. **Framkvæmdastjórn UVG**

781. **45. Ályktun um öfluga háskóla**

782. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs gagnrýnir harðlega framgöngu stjórnvalda í
783. málefnum háskólastigsins og hvetur til sóknar í málefnum háskólanna þannig að fjármögnun íslenskra
784. háskóla verði sambærileg við fjármögnun háskóla á Norðurlöndunum árið 2020.

785. **Greinargerð**

786. Því miður hefur batnandi efnahagsástand undanfarin ár ekki verið nýtt til uppbyggingar í háskólum
787. landsins. Háskólarnir eru undirstaða þekkingarsköpunar og þekkingarmiðlunar í samfélaginu. Aðgengi
788. að háskólamenntun dregur úr misskiptingu og fjölbreytt atvinnulíf byggist á góðri menntun, nýsköpun
789. og rannsóknum. Þannig eru háskólarnir undirstöðustofnanir í að styrkja innviði íslensks samfélags.

790. Stjórnvöld eru því miður að gera háskólunum erfitt að sinna þessu mikilvæga hlutverki.
791. Meðaltalsframlög á hvern nemanda eru þriðjungi hærrí í OECD-ríkjunum og tvöfalda þyrfti þessi
792. framlög til að ná meðaltali Norðurlandanna.
793. Rektor Háskóla Íslands hefur dregið saman stöðuna þar þannig að þriðjungur deilda skólans sé í
794. verulegum rekstrarvandræðum, annar þriðjungur sé í verulegum vandræðum og þriðjungur haldi
795. sjó. Til að vel ætti að vera þyrfti skólinn að fá einn og hálfan milljarð til viðbótar. Afleiðingarnar af
796. sveltistefnunni eru meðal annars mikið álag á starfsmenn skólans og hátt hlutfall stundakennara.
797. Sambærileg staða er víða uppi annars staðar í háskólakerfinu. Það er brýnt að þessi staða verði
798. leiðrétt sem fyrst eins og stefnumörkun Vísinda- og tækniráðs gerir ráð fyrir en þar hefur ítrekað
799. verið samþykkt að stefnt skuli að því að ná meðaltali Norðurlandanna í fjármögnun háskólastigsins.
800. **Fyrir hönd málefnaþóps um velferðar-, mennta- og heilbrigðismál**
801. *Brynhildur Björnsdóttir, Sigursteinn Mátsson og Sigríður Gísladóttir*

802. **46. Ályktun um undirfjármögnun og niðurskurð í háskólakerfinu**
803. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. - 8. október 2017,
804. hvarmar þá stöðu sem blasir við íslenskum háskólum. Talsvert vantar upp á að Ísland nái meðaltali
805. OECD fyrir framlög til háskólakerfisins eða 8 milljarða, þá vantar 16 milljarða til þess að ná meðaltali
806. Norðurlandanna. Háskóli Íslands hefur þurft að fella niður 50 námskeið aðeins á þessu ári og þá er
807. skólinn rekinn með talsverðum halla, aðrir háskólar á Íslandi búa við svipaðan vanda. Á undanförunum
808. misserum hefur ítrekað komið fram að íslenskir háskólar standast ekki alþjóðlegan samanburð þegar
809. kemur að fjármögnun þeirra. Íslenskir háskólar fá um helmingi lægri framlög á hvern háskólanema en
810. háskólar á Norðurlöndunum og enn eru framlög á hvern nemanda í íslensku háskólakerfi lægri en þau
811. voru fyrir áratug. Menntakerfi er ein af grunnstoðum velferðarríkis og ástandið eins og það er núna er
812. óásættanlegt. Öflugt háskólakerfi, vísindi og rannsóknir eru nauðsynleg fyrir framþróun og framleiðni
813. í samfélaginu. Vinstrihreyfingin - grænt framboð krefst þess að stjórnvöld hysji upp um sig buxurnar
814. í þessum málum, efni þau loforð sem háskólunum voru gefin fyrir kosningar áður en það verður um
815. seinan!

816. **Framkvæmdastjórn UVG**

817. **47. Ályktun um LÍN: All We Need Is Somebody to LÍN On**
818. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. - 8. október 2017,
819. lýsir áhyggjum sínum á þeirri stofnun sem Lánasjóður Íslenskra námsmanna er í dag. Lánasjóðkerfi
820. námsmanna er löngu orðið úrelt og úr sér gengið. Ísland er eina landið meðal Norðurlandanna
821. sem hefur ekki innbyggt styrktarkerfi í lánasjóðskerfinu sínu fyrir námsmenn (þó svo að LÍN vilji
822. meina að vegna hagstæðra vaxtakjara og niðurfellingu námslána við andlát séu óbeinir styrkir í
823. núverandi kerfi). Taka þarf rækilega til bæði í lögum um sjóðinn sem og úthlutunarreglum hans.
824. Grunnframfærsla námsmanna hjá LÍN er skammarlega lág sem og frítekjumarkið. Þá greiðir LÍN út
825. einungis eftir hverja önn sem gerir það að verkum að margir námsmenn þurfa að taka yfirdrátt hjá

826. bönkunum sem getur reynst ansi þungur baggi fyrir námsmenn. Stjórnvöld verða að fara að átta sig á
827. að námsmenn eru framtíðin og að fjárfesting í menntun er fjárfesting í framtíðinni.

828. Á síðasta ári lagði Illugi Gunnarsson þáverandi menntamálaráðherra fram frumvarp sem fól í sér
829. breytingar á núverandi kerfi. Þær breytingar voru þó frekar í þágu þeirra ríku heldur en þeirra sem
830. nauðsynlega þurfa á sjóðnum að halda. Núverandi menntamálaráðherra, Kristján Þór Júlíusson,
831. hefur sagt að hann vilji ráðast í breytingar á lögum sjóðsins sem fyrst. LÍN er jöfnunarsjóður sem á
832. að tryggja jafnrétti til náms óháð efnahag, það er gríðarlega mikilvægt að stjórnvöld gleymi því ekki
833. þegar heildarendurskoðun á lögum sjóðsins fer fram. Vinstrihreyfingin grænt framboð hvetur því til
834. þess að innleitt verði styrkjakerfi af norrænni fyrirmynd í lánasjóðskerfið en þó með það í huga að
835. kerfið verði bót fyrir alla námsmenn og þá sérstaklega þá sem standa hvað verst.

836. **Framkvæmdastjórn UVG**

837. **48. Ályktun um framhaldsskóla til framtíðar**

838. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs furðar sig á stefnubreytingu nýrrar
839. ríkisstjórnar í málefnum framhaldsskólanna sem birtist í fjármálaáætlun núverandi stjórnvalda en þar
840. eru skorin niður framlög til framhaldsskólastigsins sem nemur einum og hálfum milljarði. Fundurinn
841. leggur til að frekar verði ráðist í stórsókn í framhaldsskólum landsins til að tryggja fjölbreytta og góða
842. menntun fyrir alla sem þangað sækja og öllum verði tryggð framhaldsskólamenntun sem þess óska.
843. Þar eiga utanaðkomandi þættir, eins og fötlun eða aldur, ekki að ráða um. Þá leggur fundurinn áherslu
844. á að einhliða ákvörðun um styttingu framhaldsskólanáms verði snúið við og skólum verði tryggd
845. frelsi og sjálfstæði til að skipuleggja sitt nám eins og þeir telja best innan ramma laga og námskrár.
846. Fundurinn ítrekar áherslu Vinstri grænna á að efla þurfi iðn- og verknám og tryggja stöðu þess í
847. skólakerfinu. Að lokum hafnar fundurinn öllum tilraunum stjórnvalda til að aukinnar einkavæðingar í
848. framhaldsskólakerfinu, hvort sem er á sviði iðnnáms og bóklegs náms.

849. **Greinargerð**

850. Stefna núverandi ríkisstjórnar í menntamálum hefur fyrst og fremst birst í fjármálaáætlun þeirri sem
851. samþykkt var á síðasta vorþingi. Þar var verulegur niðurskurður á fjármunum til framhaldsskólanna
852. frá síðustu samþykktu áætlun. Þar var til dæmis gert ráð fyrir 31.288 milljörðum til framhaldsskóla
853. árið 2021 en í nýrri áætlun er sú fjárhæð 1,447 milljörðum kr. lægri, eða 29,841 milljarðar kr. Rétt
854. er að nefna að einhliða ákvörðun ráðherra Sjálfstæðisflokksins um að allt framhaldsskólanám skyldi
855. taka þrjú ár var meðal annars rökstudd með því að þeir fjármunir sem myndu sparast með þeirri
856. tilhögun skyldu áfram nýtast skólunum til að bæta skólastarfið. Það loforð hefur nú verið svikið.

857. Þrátt fyrir batnandi efnahagsástand hefur sveltistefna stjórnvalda gagnvart framhaldsskólunum
858. skilað sér í því að aðgengi fólks að framhaldsskólanámi hefur verið þrengt. Hætt var að greiða
859. fyrir nemendur eldri en 25 ára þó að núverandi ráðherra fari undan í flæmingi þegar hann hefur
860. verið spurður um þá ákvörðun. Þá vekur furðu að ekki virðist hafa tekist að veita öllum fötluðum
861. nemendum skólavist við hæfi þó að þeir ættu að vera í fyrsta forgangi þeirra sem sækja um
862. framhaldsskólavist.

863. Sérstök ástæða er til að hafa áhyggjur af iðn- og verknámi í ljósi fjármálaáætlunar ríkisstjórnarinnar.
 864. Það nám er dýrara en hefðbundið bóknað og þarf aukin heldur sérstaka innspýtingu til að fjölga þeim
 865. sem stunda slíkt nám.

866. Sú ákvörðun að stytta framhaldsskólanám í þrjú ár í stað þess að viðhalda þeim sveigjanleika
 867. sem kveðið er á um í lögum um framhaldsskóla þar sem ekki er getið um tiltekin tímamörk eða
 868. einingahámark var misráðin. Mun eðlilegra er að fagfólk innan skólanna skipuleggi námið innan
 869. ramma laganna og nemendur hafi þannig fjölbreytta valkosti innan framhaldsskólakerfisins.

870. Athygli vakti þegar fréttist af áformum mennta- og menningarmálaráðherra um sameiningar
 871. framhaldsskóla sem virðast vera afleiðing ákvörðunar ráðherrans og ríkisstjórnar hans um að skerða
 872. framlög skólanna jafn mikið og sést í áður nefndri fjármálaáætlun og ber að gjalda varhug við því að
 873. ráðast í slíkar sameiningar án fullnægjandi raka. Ennfremur er full ástæða til að hafa áhyggjur af því
 874. ef nýta á sveltistefnu stjórnvalda sem skjól fyrir enn frekari einkavæðingu í framhaldsskólakerfinu.

875. **Fyrir hönd málefna hóps um velferðar-, mennta- og heilbrigðismál**

876. *Brynhildur Björnsdóttir, Sigursteinn Músson og Sigríður Gísladóttir*

877. **49. Ályktun um námsefni í framhaldsskólum**

878. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs telur mikilvægt að gerð verði gangskör að
 879. endurnýjun námsefnis í framhaldsskólum. Ljóst er að markaðslausnir duga ekki til til að tryggja nýlegt
 880. námsefni í ólíkum námsgreinum á framhaldsskólastigi og því er mikilvægt að opinber stuðningur við
 881. námsefnisútgáfu fyrir framhaldsskóla verði aukinn.

882. **Fyrir hönd málefna hóps um velferðar-, mennta- og heilbrigðismál**

883. *Brynhildur Björnsdóttir, Sigursteinn Músson og Sigríður Gísladóttir*

884. **50. Ályktun um listir, menningi og skapandi greinar**

885. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs telur að bæta þurfi stöðu lista, menningar og
 886. skapandi greina innan stjórnvísunnar og tryggja að hægt sé að byggja upp atvinnustarfsemi á sviði
 887. skapandi greina. Búa þarf mun betur að höfuðsöfnum þjóðarinnar og löngu er tímabært að reisa nýtt
 888. Náttúruminjasafn. Efla þarf stuðning við listamenn í gegnum faglega launasjóði og verkefnasjóði
 889. og tryggja að listamenn fái greitt fyrir sína vinnu. Styðja þarf betur og markvissar við opinberar
 890. menningarstofnanir og tryggja að allir landsmenn fái notið starfs þeirra. Sérlega mikilvægt er að
 891. Íslendingar af erlendum uppruna eigi greitt aðgengi að listum og menningu. Fundurinn fagnar því
 892. að loksins eigi að ráðast í aðgerðir á sviði máltækni en ítrekar að mikilvægt er að auka nú þegar við
 893. menntun á þessu sviði. Styðja þarf betur við bókaútgáfu, bæði með afnámi virðisaukaskatts á bækur
 894. og með öflugri stuðningi í gegnum sjóðakerfið. Þörf er á því að efla listmenntun á öllum skólastigum
 895. og tryggja aðgengi barna að listum, menningu og skapandi starfi. Þá er mikilvægt að efla rannsóknir á
 896. sviði lista og menningar.

897. **Fyrir hönd málefna hóps um velferðar-, mennta- og heilbrigðismál**

898. *Brynhildur Björnsdóttir, Sigursteinn Músson og Sigríður Gísladóttir*

899. Samgöngu- og sveitarstjórnarmál

900. 51. Ályktun um framkvæmdir í samgöngumálum

901. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, haldinn á Grand Hótel 6. - 8. október telur
 902. áherslur ríkisstjórnarinnar í samgöngumálum forkastanlegar. Mikil þörf er á að útrýma einbreiðum
 903. brúm, sem flestar eru á suðausturhorni landsins, breikka vegi og fjölga útskotum. Við gerum okkur
 904. fulla grein fyrir því að við búum á fallegu landi og þeir ferðamenn sem koma til að heimsækja okkur
 905. vilja eiga minningar um það. Þeirri staðreynd að þeir þurfa að stoppa, oft á miðjum vegi, og valda
 906. með því stór hættu í umferðinni má að miklu leyti skrifa á lélegt vegakerfi. Með fjölgun útskota og
 907. almennilegum vegöxlum (eins og er í nágrenni Reykjavíkur) verður þessi brunnur byrgður.

908. Stjórn Svæðisfélags VG á Hornafirði

909. 52. Ályktun vegna sveitarstjórnarkosninga vorið 2018

910. Vinstrihreyfingin grænt framboð telur að komandi sveitarstjórnarkosningar séu vettvangur
 911. landsmanna til að jafna kjör og bæta nærsamfélagið. Sveitarfélögin veita almenningi víðtæka
 912. grunnþjónustu og móta nánasta umhverfi allra landsmanna. Stefna VG í sveitarstjórnarmálum byggir
 913. á því að þjónusta við almenning skuli greiddast af skattfé og sveitarfélögin séu virk í að jafna aðstæður
 914. og auka lífsgæði. Í því hægrisinnaða andrúmslofti sem svífur yfir vötnum í landsmálum og síaukinni
 915. einkavæðingu á mörgum sviðum, geta sveitarfélögin nú spyrnt við fótum og þar með almenningur í
 916. landinu. Sveitarfélögin standa flest mun betur nú en fyrir síðustu kosningar og því mikilvægt að það
 917. svigrúm sem hefur skapast sé nýtt í þágu íbúanna á forsendum íbúanna.

918. Vinstri græn munu setja húsnæðismál á oddinn í komandi kosningum. Öruggt húsnæði er ein af
 919. grunnþörfunum í hverju samfélagi. VG vilja tryggja að fjölbreytt húsnæðisform sem miðast við þarfir
 920. hvers og eins sé í boði og að sveitarfélögin beiti sér í þessu grundvallarverkefni sínu.

921. Vinstri græn vilja stefna að því að öll þjónusta sveitarfélaganna sem snertir börn sé fjölskyldum
 922. þeirra að kostnaðarlausu. Slíkt er grundvallarforsenda þess að öll börn hafi sömu tækifæri í
 923. samfélaginu.

924. Vinstri græn vilja einnig að þjónusta sveitarfélaganna við eldra fólk og fólk með fötlun sé aðgengileg,
 925. traust og á forsendum notendanna.

926. Vinstri græn vilja að öll sveitarfélög setji sér það markmið að verða kolefnishlutlaus á komandi
 927. kjörtímabili.

928. VG vilja auka aðkomu íbúa að ákvörðunum með opnara lýðræði, þátttökufjárlagagerð og opnu
 929. bókhaldi sveitarfélaga.

930. Nánar:

931. VG vilja líta á sveitarfélögin sem tæki til jöfnunar í samfélaginu. Þar undir falla tækifæri
 932. sveitarfélaganna til að jafna aðstöðu íbúanna, tryggja að allir geti notið þeirrar þjónustu sem þeir
 933. þurfa á þeirra forsendum.

934. VG vilja jafnframt líta á sveitarfélögin sem gerendur í umhverfismálum, í einstökum færum til að
935. beita sér á þeim vettvangi í skipulagi, í samstarfi við önnur sveitarfélög og í stefnumótun heima fyrir.
936. Sveitarfélögin eiga að vera fyrirmyndar „neytendur“ í samfélaginu og kolefnishlutlaus.
937. VG líta á sveitarfélögin sem lýðræðisvettvang þar sem hægt er um vik að gefa íbúum kost á mikilli
938. þátttöku í ákvörðunum, bæði hvað varðar stefnumótun og fjármál.
939. **Fyrir hönd málefna hóps um sveitarstjórnarmál,**
940. *Sif Jóhannesdóttir*
941. **53. Ályktun um sveitarstjórnir sem þriðja stjórnsýslustigið**
942. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, haldinn á Grand Hótel 6.-8. október 2017
943. skorar á stjórnvöld að auka áhrif og völd landshlutasambanda sveitarfélaga til þess að hafa
944. ákvörðunar- og stjórnskipunarrétt í málefnum sem snerta landshlutana.
945. **Stjórn Svæðisfélags VG á Hornafirði**

Atvinnumál, vinnumarkaðs- og verkalýðsmál

54. Ályktun um sprotaumhverfi og nýsköpunarmál

Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6.-8. október 2017, felur stjórn að móta ítarlega stefnu í nýsköpunarmálum sem lögð verði fyrir næsta landsfund hreyfingarinnar.

Ljóst er að stórfelldar breytingar á atvinnuháttum og vinnumarkaði blasa við með tækniþróun sem fleygir hraðar fram en áður hefur þekkt. Nú þegar hefur orðið hugarfarsbreyting á Íslandi í átt frá stórum heildarlausnum í atvinnumálum. Oftar er horft til fjölbreyttra og sjálfbærra lausna. Vinstri græn telja að framtíðin í atvinnumálum sé ekki fólgin í að ganga á takmarkaðar auðlindir landsins, heldur m.a. í því að búa í haginn fyrir nýsköpun sem byggist á hugviti. Hugvit er auðlind sem þrýtur ekki, og samkeppnishæft, metnaðarfullt og frjótt umhverfi sprotafyrirtækja er leiðin í gegnum þessar öru breytingar. Vinstri græn vilja skapa nýsköpunarumhverfi sem býður einstaklingum, fyrirtækjum og félagasamtökum upp á bestu mögulegar aðstæður til að nýta hugvit sitt til atvinnuskapandi lausna.

Heildstæðrar nálgunar á umhverfi nýsköpunar er þörf. Í dag eru starfandi sjóðir og verkefni sem miða að því ýta sprotaverkefnum úr vör, en ljóst er að skýr framtíðarsýn um slíkt umhverfi, sem byggir á sjálfbærni, samvinnu og virkjun sköpunarkrafts einstaklinga, getur tryggt þjóðinni samkeppnishæfni og sóknarfæri. Við erum einnig þátttakendur í hnattrænu markaðskerfi þar sem óheft markaðsöfl ganga með ógnvænlegum hraða á auðlindir jarðar. Við getum og eigum að vera mótvægisafli og leggja til nýja nálgun og lausnir sem byggja á vistfræði-, félags- og efnahagslegri sjálfbærni, heiminum öllum til hagsbóta. Þetta getum við með því að líta á næstu skref í uppbyggingu nýsköpunarumhverfis Íslands í alþjóðlegu samhengi.

Öflugt menntakerfi, frá leikskóla- til háskólastigs, er forsenda allrar nýsköpunar. Vinstri græn telja að stórsóknar sé þörf til að tryggja stöðu rannsókna á háskólastigi. Á sama tíma þarf að styrkja tengingu þeirra inn í nýsköpunarumhverfið. Rannsóknir og þróun er líklega það svið nýsköpunar þar sem Ísland hefur mest færi til að skapa sér sérstöðu. Mikilvægur þáttur þess að skapa heildstæða nálgun á umhverfi nýsköpunar er að hafa þor til að greina hvar tækifærin liggja og hafa skýra sýn á forgangsroðun.

Fyrir hönd málefnaþóps um atvinnumál,
Elías Jón Guðjónsson og Bergþóra Benediktsdóttir

976. **55. Ályktun um raunfærnimat fyrir innflytjendur**

977. Innflytjendur eru auðlind fyrir hvert samfélag. Innflytjendur auðga menningu og mannlíf hvers
978. samfélags fyrir utan að vera oft lykilstöð í efnahagslífinu. Mikilvægt er að nýta þekkingu, reynslu
979. og menntun þeirra innflytjenda sem hingað koma samfélaginu til heilla. Eðlilegt er að faglegt mat
980. sé lagt á færni, þekkingu og reynslu innflytjenda burtséð frá aðgengi að viðurkenndum vottorðum
981. þegar viðkomandi kemur frá ótryggu ríki. Slíkt raunfærnimat er til dæmis hægt að framkvæma af
982. Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

983. **Fyrir hönd málefnaþóps um velferðar-, mennta- og heilbrigðismál**

984. *Brynhildur Björnsdóttir, Sigursteinn Músson og Sigríður Gísladóttir*

985. **56. Ályktun um almannatryggingar sem laun**

986. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, haldinn á Grand Hótel 6. - 8. október 2017,
987. leggur áherslu á að greiðslur frá almannatryggingum séu ekki bætur heldur laun, sem lífeyrisþegar
988. hafa nú þegar unnið fyrir. Slíkar greiðslur eiga því ekki að skerðast með nokkrum hætti og eiga að
989. koma að fullu til greiðslu til lífeyrisþega.

990. **Stjórn Svæðisfélags VG á Hornafirði**

991. **57. Ályktun um atvinnuuppbyggingu á Vestfjörðum**

992. Allt sem er atvinnuskapandi hefur áhrif í náttúrunni, en það hefur einnig áhrif í öðru samhengi. Við
993. mat á umhverfisáhrifum þarf því að horfa til þriggja meginþátta sjálfbærni, það er áhrifa á náttúru,
994. efnahag og samfélög.

995. Vinstri græn mikilvægt að horfa til lífríkisins og samfélagsins í samhengi þegar mat er lagt á nýjar
996. hugmyndir í atvinnusköpun. Ekki má líta framhá mögulegum mótvægisáðgerðum og reglur og eftirlit
997. þurfa að vera með þeim hætti að ekki sé hætta á umhverfisslysum og hægt sé að grípa inn í starfsemi
998. ef hætta skapast. Ef þessi skilyrði eru uppfyllt ætti að vera hægt að skapa fjölbreytt störf sem ekki
999. skapa hættuástand í umhverfi sínu.

1000. **VG á Vestfjörðum**

1001. Húsnæðismál

1002. 58. Ályktun um húsnæði fyrir alla

1003. Vinstrihreyfingin – grænt framboð vill tryggja öllum öruggt og boðlegt húsnæði óháð efnahag og
 1004. félagslegum aðstæðum. Húsnæðismál eru mannréttindamál og kjaramál. Samfélaginu er skylt að
 1005. tryggja öllum aðgang að húsnæði í samræmi við sínar þarfir. Í fjölbreyttu samfélagi höfum við ólíkar
 1006. þarfir og væntingar til húsnæðis og það er samfélagsins að mæta þeim þörfum. Í dag er bæði erfitt
 1007. að eignast húsnæði en einnig að fá leiguhúsnæði á viðráðanlegu verði. Þessu viljum við breyta með
 1008. mannúðlegra lánaumhverfi sem tryggir aðgang að félagslegum lánum. Fjölbreytta uppbyggingu
 1009. leigumarkaðar og opinberan stuðning við stofnun leigufélaga sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða.
 1010. Það er ekki boðlegt að nánast helmingur ráðstöfunartekna heimila fari í húsnæðiskostnað og því
 1011. teljum við mikilvægt að hlutfall húsnæðiskostnaðar fari ekki yfir 25% ráðstöfunartekna. Það þarf
 1012. að efla samfélagslegt hlutverk Íbúðalánasjóðs til þess að rétta hlut þeirra sem minna hafa á milli
 1013. handanna og veita þannig lán á raunhæfari kjörum en hinn frjálsi markaður bankanna gerir í dag.

1014. Fyrir hönd málefna hóps um húsnæðismál

1015. Kolbeinn H. Stefánsson og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

1016. 59. Ályktun um húsnæði og sveitarfélög

1017. Vinstri græn vilja að sveitarfélög geti boðið fjölbreytta kosti í skipulagi nýrra og endurnýjaðra
 1018. íbúðahverfa. Sveitarfélög séu jafnframt hvött til uppbyggingar íbúðahverfa með fjölbreyttu
 1019. búsetuformi sem auðgar samfélagið. Í þessu samhengi er mikilvægt að sveitarfélög á
 1020. höfuðborgarsvæðinu vinni saman að skipulagi svo hægt sé að nýta nærþjónustu svæðisins sem
 1021. best. Á þeim svæðum þar sem sérstök þörf er á uppbyggingu verði möguleiki á skattaívilnunum og
 1022. tekjustofnar sveitarfélaganna styrktir þannig að þau séu betur í stakk búinn til að sinna húsnæðisþörf
 1023. síns svæðis t.a.m. með nýbyggingum. Jafnframt er nauðsynlegt að sveitarfélög geti boðið upp á
 1024. félagslegt húsnæði þar sem biðlistar dagsins í dag eru óviðunandi og fara einungis stækkandi.
 1025. Mikilvægt er að auka framlög ríkisins til húsnæðismála, bæði í formi stofnstyrkja, ívilnana til
 1026. leigufélaga sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og með því að festa í sessi félagslegt hlutverk
 1027. Íbúðalánasjóðs.

1028. Fyrir hönd málefna hóps um húsnæðismál

1029. Kolbeinn H. Stefánsson og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir

1030. **60. Ályktun um húsnæði í sátt við umhverfið**

1031. Vinstri græn vilja að íbúðarhúsnæði verði vistvænt og í sátt við umhverfið, þannig verði tekið tillit
 1032. til umhverfissjónarmiða þegar horft er til nærbjónustu og uppbyggingar nýrra hverfa. Jafnframt að
 1033. byggingarefni sé vistvænt þar sem því er við komið og hvatt til notkunar á íslensku byggingarefni.
 1034. Orkunotkun við byggingu og rekstur húsnæðis verði sem minnst og skipulag húsnæðis taki mið
 1035. af þeirri stefnu. Húsnæði sem byggt er taki mið af þörfum nútímans og sé til að mynda tekið tillit
 1036. til aukinnar notkunar almenningssamgangna þar sem það á við, t.a.m. með fjölda bílastæða, og að
 1037. aðgengi sé tryggt fyrir alla.

1038. **Fyrir hönd málefnaþóps um húsnæðismál**

1039. *Kolbeinn H. Stefánsson og Þóra Geirlaug Bjartmarsdóttir*

1040. **61. Ályktun um alvöru húsnæðiskerfi**

1041. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. - 8. október 2017,
 1042. harmar það að ríkisstjórnin hafi ekkert gert til þess að leysa húsnæðiskreppuna sem ríkir víða
 1043. um land. Fasteignaverð er komið upp úr öllu valdi og launafólk er látið keppa við ferðamenn á
 1044. fjandsamlegum leigumarkaði. Fáir hafa getu til þess að leggja út fyrir þeim fjárhæðum sem þarf
 1045. að eiga til þess að geta lagt út fyrir útborgun í íbúð, og þá sérstaklega þegar margir borga meira en
 1046. helming launa sinna í leigu. Að nýta séreignasparnað og fá fyrirframgreiddan arf eru aðgerðir sem
 1047. gagnast mjög fáum, sérstaklega í hópi þeirra sem ekki hafa há laun eða eiga ríka foreldra. Slíkar
 1048. aðgerðir ráðast ekki að rót vandans og stuðla að enn frekari ójöfnuði í húsnæðismálum. Á meðan
 1049. lengjast biðlistar eftir félagslegu húsnæði hjá sveitarfélögum, og dæmi eru um að fólk í mikilli
 1050. neyð hafi verið á annan áratug á biðlista eftir húsnæði. Lagasetningar þurfa að koma til svo að
 1051. félagsþjónustur eigi auðveldara með að kaupa húsnæði til þess að stytta biðlista.

1052. Einnig þurfa að koma til lagasetningar sem skylda öll sveitafélög til þess að bjóða upp á jafnt hlutfall
 1053. félagslegra íbúða, en eins og staðan er núna komast sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu upp með að
 1054. rukka lægra útsvar og bjóða upp á lélegri félagslega þjónustu - svo að þau sem þarfnast félagslegrar
 1055. þjónustu sækja frekar til Reykjavíkur. Vinstrihreyfingin - grænt framboð vill sterkt húsnæðiskerfi
 1056. og að leiga sé raunverulegur valkostur. Ríkið ætti að stofna leigufélag sem stjórnast ekki af
 1057. gróðasjónamiðum, rukkar hóflega leigu sem tekur árlega hækkun samkvæmt almennu verðlagi, en
 1058. stjórnast ekki af gróðafólkn leigusala og stærri leigufélaga sem keypt hafa upp gríðarlegt magn af
 1059. íbúðum í Reykjavík.

1060. **Framkvæmdastjórn UVG**

1061. **Aðrar ályktanir**

1062. **62. Ályktun um jöfn tækifæri og lífsgæði fyrir ungt fólk**

1063. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. - 8. október 2017, telur
 1064. að stórlega þurfi að bæta kjör ungs fólks þar sem ungt fólk hefur dregist verulega aftur úr þeim
 1065. sem eldri eru hvað varðar kjör og lífsgæði hér á landi. Húsnæðisvandi ungs fólks versnar með hverju
 1066. árinu í skjóli aðgerðarleysis ríkisstjórnarinnar. Ungt fólk með lágar eða meðaltekjur hefur litla sem
 1067. enga möguleika til þess að safna sér fyrir húsnæði. Námslán duga varla til lágmarks framfærslu og
 1068. skerða því tækifæri ungs fólks til að mennta sig. Að háskólanámi loknu er erfiðara fyrir ungt fólk að
 1069. finna vinnu þar sem menntun þeirra nýtist og menntun er síður metin til hækkunar á launum en áður.
 1070. Sveltistefna ríkisstjórnarinnar í menntakerfinu hefur komið niður á gæðum og aðgengi að námi. Ungt
 1071. fólk er verr státt en áður tekjulega séð, þar sem ráðstöfunartekjur þess eru minni en kynslóðanna á
 1072. undan. Andleg heilsa ungs fólks fer versnandi og lélegt geðheilbrigðiskerfi veldur því að lítil hluti ungs
 1073. fólks getur leitað sér hjálpar vegna geðrænna vandamála.

1074. Þetta kemur sér sérstaklega illa fyrir ungmenni úr efnaminni fjölskyldum, sem ekki geta reitt sig á
 1075. fjárhagslegan stuðning frá foreldrum, og eykur þannig enn á stéttaskiptingu og ójöfnuð.

1076. Fólk á að hafa tækifæri til góðra lífskjara óháð aldri. Ríki og sveitarfélög þurfa að vinna markvisst í
 1077. þágu ungs fólks til þess að bæta ástandið og það er ljóst að róttækra aðgerða er þörf. Þar þarf að
 1078. grípa til raunverulegra lausna á húsnæðisvanda ungs fólks, koma á fót námslánakerfi sem býður upp
 1079. á lán sem duga til framfærslu, auka atvinnumöguleika ungs fólks, brúa bilið á milli fæðingaorlofs og
 1080. dagmóður, og tryggja að öll börn eigi þess kost að fá pláss á leikskólum. Á meðan aðgerðarleysi ríkir
 1081. enn í þessum málum mun staða ungs fólks síst fara batnandi.

1082. **Framkvæmdastjórn UVG**

1083. **63. Ályktun um lækjum kosningaaldurs**

1084. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. - 8. október 2017,
 1085. fagnar frumvarpi um lækjum kosningaaldurs sem fulltrúar sex flokka lögðu fram í febrúar
 1086. síðastliðnum.

1087. Frumvarpið kveður á um lækjum kosningaaldurs í sveitastjórnarkosningum úr 18 árum í 16. Ungt fólk
 1088. skortir rödd í samfélaginu. Með frumvarpinu eru þingmenn Vinstri grænna, sem og flutningsmenn
 1089. annarra flokka, að lýsa yfir trausti sínu á ungu fólki og viðurkenna þau sem þátttakendur í samfélaginu
 1090. sem ber að virða.

1091. Ef frumvarpið verður samþykkt gerir það ungmönnum kleift að hafa áhrif á þá þætti sem snerta
 1092. þeirra daglega líf hvað mest.

1093. **Framkvæmdastjórn UVG**

1094. **64. Ályktun um innra starf**

1095. Fundurinn beinir því til stjórnar og skrifstofu að halda áfram að byggja upp þekkingu og leiðsögn í
 1096. fjarfundum og tengja þannig betur saman starfið á landsvísu. Fyrir þurfa að liggja skýrar leiðbeiningar
 1097. um notkun, um framkvæmd og fundarsköp á fjarfundum og aðgengilegur tæknibúnaður. Fjarfundur
 1098. ætti alltaf að vera mögulegur á hvaða fundi á vegum VG sem er og í starfi vinnuhópa.

1099. *Stjórn svæðisfélags VG á Akureyri, Sóley Björk Stefánsdóttir og Edward H. Huijbens*

1100. **65. Ályktun um innra starf svæðisfélaga**

1101. Landsfundur Vinstrihreyfingarinnar - Græns framboðs, haldinn í Reykjavík 6. til 8. október 2017 felur
 1102. stjórn VG að skipa starfshóp undir forystu nýkjörins varaformanns og skal hópurinn, fyrir febrúarlok
 1103. 2018:

- 1104. • Fara yfir innra starf svæðisfélaga utan Reykjavíkur og greina stöðu þess
- 1105. í samvinnu við stjórnir félaganna, stjórnir kjördæmisráða og þingmenn.
- 1106. • Vinna hugmyndir að leiðum til úrbóta eftir því sem unnt er.
- 1107. • Vinna frumáætlanir um úrbætur til 2-3 ára með stjórnnum svæðisfélaga sem
- 1108. aðlaga þær að þörfum landsvæða með félögum sínum.

1109. *Ari Trausti Guðmundsson, Daníel E. Arnarsson, Ingibjörg Þórðardóttir, Þorsteinn Ólafsson*

